

ÞROSKA ÞJÁLFINN

TÍMARIT ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS | 1. TBL. 18. ÁRG. 2016



50 ÁRA

FRÁ ÚTGÁFURÁÐI

EFNISYFIRLIT

Frá útgáfuráði	2
Formannspistill	3
Störf þroskaþjálfara í grunnskólum á Selfossi	4
Starfsvettvangur þroskaþjálfara þroskaþjálfara á frístunda hluta skóla hluta skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar	6
Hvað gerir þroskaþjálfari hjá Stígamótum?	11
Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks hjá fatlaðs fólks hjá Símenntunar- miðstöðinni á Vesturlandi	13
Hæfingarstöð með áherslu á með áherslu á óhefðbundin tjáskipti óhefðbundin tjáskipti - tjáning er grundvallar mannréttindi	15
Síðareglur þroskaþjálfara	24
Vinna og virkni hjá Ási styrktarfélagi	25
Orlof...frí...Orlofsstaðurinn G. J. Hafur	28
Kennsla og rannsóknir í starfi þroskaþjálfara	33
Starfsdagar Á Hótel Örk dagana 24. - 25. janúar 2015	37
Þroskaþjálfarar í hálfa öld	39

Útgefandi:

Þroskaþjálfafélag Íslands
Borgartúni 6, S: 595 5160,
throska@throska.is, www.throska.is

Útgáfuráð:

Áslaug Rut Kristinsdóttir, ritstjóri
Guðný Jónsdóttir
Oddrún Ólafsdóttir
Herdís Ingibjörg Svansdóttir
Kristrún Sigurjónsdóttir
Kristín Lillendal

Ábyrgðamaður: Laufey E. Gissuradóttir

Hönnun og prentun: Prentmet

Þökkun: Ás vinnustofa

Árið 2015 má segja að hafi verið viðburðaríkt ár hjá Þroskaþjálfafélagi Íslands. Í októbermánuði fögnum við félagsmenn að venju alþjóðlegum degi Þroskaþjálfara. Auk þess fagnaði félagið 50 ára afmæli. Gefin var út bók sem kom út á afmælisdegi félagsins þann 18.maí síðastliðinn. Við lestur bókarinnar hafa miklar breytingar orðið á aðstæðum fólks með þroskahömlun. Það er meðal annars sagt frá því í bókinni að árið 1944 var svokallað fávita-hæli stofnað á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði og markaði það upphaf opinberrar þjónustu við fólk með þroskahömlun. Nú er árið 2015 og enn getum við gert betur til að auka lífsgæði fatlaðs fólks. Bókin Þroskaþjálfarar á Íslandi: Saga stéttar í hálfa öld sem tekin er saman af Þorvaldi Kristinsyni er svo sannarlega bók sem allir Þroskaþjálfarar ættu að eiga. Fyrir mig sem hef starfað í mál-efnum fatlaðra síðastliðinn 10 ár er þessi saga afar dýrmæt og gagnleg lesning.

Greinarnar í blaðinu einkennast fyrst og fremst að því hvar við Þroskaþjálfarar störfum og hvað við stöndum fyrir. Þroskaþjálfarar starfa margir hverjir þar sem flókið og viðkvæmt getur verið að skrifa almennt um starf sitt opinberlega og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir sem sendu inn greinar.

Kjarasamningaviðræður hafa verið áberandi nú á þessu ári og skrifuðu

aðildarfélög BHM þar á meðal Þroskaþjálfafélag Íslands undir nýjan kjarasamning á vordögum.

Starfsdagar voru haldnir í ársbyrjun, nánar tiltekið í janúar á Hótel Örk í Hveragerði. Undirbúningur afmælishátíðar kom í kjölfarið. Félagsmönnum var boðið í afmælisveislu þann 18.maí. Vel var veitt og stigu þroskaþjálfarar í pontu og sögðu sögu sína sem og aðrir ræðumenn.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að vinnu við útgáfu blaðsins, höfundum greina og fulltrúum í útgáfuráði. Kristín Lillendhal lét af störfum sem fulltrúi frá Þekkingarsetri í Þroskaþjálfarafræðum og þökkum við henni fyrir vel unnin störf í ráðinu. Í útgáfuráði síðastliðinn vetur sátu fyrir utan undirritaða:

Guðný Jónsdóttir,
Oddrún Ólafsdóttir,
Herdís Ingibjörg Svansdóttir,
Kristrún Sigurjónsdóttir
Kristín Lillendal.

F.h. útgáfuráðs

*Áslaug Rut Kristinsdóttir,
ritstjóri*

FORMANNSPISTILL

Á síðasta ári fagnaði Proskapjálfafélag Íslands 50 ára afmæli. Þí er sjálfstætt fag- og stéttarfélag með aðild að BHM. Ríflega 700 þroskapjálfar eiga stéttarfélagsaðild að félaginu, en auk þess eru nokkrir þroskapjálfar með fagaðild.

Afmælisárið hófst með starfsdögum sem haldnir voru á Hótel Örk. Góð þátttaka var á starfsdögunum og inntak þeirra var að horft var til starfa og starfsvettvangs þroskapjálfa árið 2025. Markmiðið var að móta framtíðina saman með hugmynda-vinnu og úrvinnslu sem var fylgt eftir með aðgerðaáætlun. Á starfsdögunum komu hugmyndir að gildum fyrir þroskapjálfafélag Íslands sem voru síðan samþykkt á aðalfundi félagsins árið 2015. Gildin sem voru samþykkt eru Áræðni (þora, forysta, nýjar leiðir) Framþróun (horfa til framtíðar, þróast í starfi) og Sveigjanleiki (takast á við breytingar,viðsýni).

Þann 18. maí 1965 stofnuðu 16 gæslusystur félag Gæslusustrar og gerðu það af mikilli framsýni um fag sitt og starf. Félag þetta var undanfari þroskapjálfafélags Íslands. Af því tilefni var haldin vegleg afmælisveisla sem hófst með því að nokkrir þroskapjálfar rifjuðu upp nám sitt og störf. Á afmælisdaginn var gefin út bókin þroskapjálfar á Íslandi, saga stéttar í hálföld, sem Þorvaldur Kristinsson ritaði. Þar er saga þroskapjálfa rakin í máli og myndum, sagt frá starfsvettvangi, menntun, baráttumálum og faglegum sjónarmiðum í starfi. Í bókarauka er skrá yfir þá þroskapjálfa sem hafa útskrifast á Íslandi. Einnig var opnuð ný og breytt heimasíða félagsins á afmælisdaginn með betra aðgengi að upplýsingum.

Þroskapjálfar er öflug stétt sem hefur náð langt, þar sem virkni og þátttaka félaganna hefur komið okkur áfram.

Starfsvettvangur þroskapjálfa er fjölbreyttur enda er sóst eftir reynslu þeirra og þekkingu víða í samfélaginu. Þótt margt hafi breyst í hugmyndaheimi stéttarinnar á hálfri öld er kjarninn í starfinu ætíð sá sami - að standa vörð um mannvirðingu fatlaðs fólks og berjast fyrir rétti þess til fullrar þátttöku í samfélaginu.

Alþjóðlegur dagur þroskapjálfa er haldinn árlega 2. október. Það var einstök upplifun að fylgjast með öflugum þroskapjálfum setja merki félagsins á forsíðumynd sína á facebook, segja frá störfum sínum, setja inn myndir og myndbönd þar sem fram kemur hversu stoltir þeir eru með störfin sín og að hvaða baráttumálum þeir eru að vinna að í dag. Kraftur samfélagsmiðla er mikill og vil ég þakka öllum þroskapjálfum sem lögðu sitt af mörkum á þessum alþjóðdegi og megi hann eflast með hverju árinu.

Síðasta ár einkenndist af kjaramáli, þann 13. júní 2015 voru sett lög á félagið, þar sem kveðið var á um að nefnd, svo kölluð gerðardómur, ætti að úrskurða um kaup og kjör félagsmanna 18 aðildarféлага BHM starfandi hjá ríkinu. Sá dómur birti úrskurð sinn 14. ágúst. Úrskurðurinn er breyting á kjarasamningi aðila og hefur gildistíma frá 1. mars 2015 – 31. ágúst 2017. Skrifað var undir framlengingu á kjarasamning við Reykjavíkurborg 10. desember 2015 og hefur hann nú þegar verið samþykktur af félagsmönnum starfandi hjá Reykjavíkurborg.



Laufey Elísabet Gissuradóttir

borg. Kjaraviðræður eru hafnar við Samband íslenskra sveitafélaga.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og þroskapjálfafélag Íslands hafa undirritað viljayfirlýsingu um faglegt samstarf. Í viljayfirlýsinguinni er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskapjálfa. Samstarfið skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Á þeim vettvangi verður m.a. rætt um hugmyndafræði og aðferðir, inntak, þróun og gæði þjónustu þroskapjálfa við fatlað fólk og tengsl við nám í þroskapjálfafræðum og starfsþróun þroskapjálfa. Félagið býður velkominn til starfa nýjan ritstjóra blaðsins, Áslaugu Rut Kristinsdóttur, þroskapjálfa á sama tíma og fráfarandi ritstjóra blaðsins, Krístrúnu Sigurjónsdóttur, þroskapjálfa, er þakkað fyrir vel unnin störf til margra ára.

Að lokum vil ég minna á málþing félagsins sem haldið veður föstudaginn 29. janúar 2016 á Grand Hótel í Reykjavík. Umfjöllunarefni málþingsins verður "öfbeldi í starfi".

Laufey Elísabet Gissuradóttir,
formaður

STÖRF ÞROSKAÞJÁLFA Í GRUNNSKÓLUM Á SELFOSSI

Höfundar: Hrönn Erlingsdóttir, yfirproskapjálfi í Sunnulækjarskóla.
Jóhanna Margrét Árnadóttir, yfirproskapjálfi í Vallaskóla.
Karen Erlingsdóttir, yfirproskapjálfi í Sunnulækjarskóla.

Í tilefni af **Alþjóðlegum degi þroskaþjálfna** 2. október sl. skrifuðum við grein í fréttablöðin á Suðurlandi. Greinin fjallar um störf þroskaþjálfna í grunnskólunum á Selfossi, þar sem við störfum allar. Hugmyndin var að gefa fólki stutta innsýn í störf okkar.

Við vinnum með nemendum með sérþarfir sem þurfa einstaklingsmiðað nám og einstaklingsnámskrá. Þarna falla undir nemendur með ýmis konar frávik í námi og þroska. Í einstaklingsnámskrá koma fram allir þeir færniþættir sem vinna þarf með hjá nemandanum, að hvaða markmiðum er stefnt, leiðir að þeim og hvernig meta skal árangurinn. Færniþætti í einstaklingsnámskrá byggjum við á upplýsingaöflun um nemandann, ásamt fyrirliggjandi greiningum og vinnum námskrárnar í nánu samstarfi við þá kennara sem koma að námi nemandans.

Samkvæmt nýrri aðalnámskrá skal útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur sem eru að fara á milli skólastiga. Í henni koma fram mikilvægar upplýsingar um nemandann sem fylgja honum yfir á næsta skólastig. Þannig auðveldum við nemandanum breytingarnar og fagfólk fær mikilvægar upplýsingar til að vinna út frá. Góðar náms-



Hrönn, Jóhanna og Karen

og einstaklingsnámskrár, ásamt teymisáætlunum þarf að vanda vel, til að nám nemandans í skólanum verði honum sem farsælast. Starfið í grunnskólanum er fjölbreytt. Þjálfunin fer fram inni í bekk, í litlum hópum og í einstaklingstímum. Félagsfærniþjálfun er stór hluti af okkar starfi. Til að þjálfna þennan hluta erum við mikið að nota félagsfærnisögur sem eru einstaklingsmiðaðar. Einnig höfum við haldið stutt sjálfstyrkingar- og félagfærni námskeið þar sem við nýtum okkur m.a. námsefnið „Fjár sjóðsleitinn“, bókina „Verum vinir“ og ýmis konar lífsleikniverkefni sem eru aðlöguð að hverjum og einum nemanda.

Við vinnum einnig mikið með nemendum með tilfinninga- og hegðunarvanda. Okkar hlutverk er þá að finna leiðir að bættri líðan og hegðun. Þessar leiðir geta verið í forni námsefnis og samtala sem byggja oftast en ekki á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Þarna erum við einnig mikið að nýta okkur t.d. Art, Cat-kassann og ýmis konar hegðunar- og umbunarkerfi.

Algengt er að þjálfna þurfi almenna skólafærni hjá nemendum með sérþarfir. Sérstök aðlögun fer fram inni í bekk og einnig í leik og samskiptum við skólafélaga. Hugmyndafræði skipulagðra vinnubragða, TEACCH,

nýtist vel í þessari vinnu til að skipuleggja námsumhverfi nemandans og skapa honum öryggi og efla sjálfstæði í vinnubrögðum. Þarna vinnum við í nánú samstarfi við umsjónakennara og þá aðila sem eru í teymi nemandans. Mikilvægt er að vinna með bekkinn í heild, koma með fræðslu og skapa jákvæð viðhorf.

Málörvun er einn af mörgum færnipáttum sem þarf að þjálfa. Efla þarf tjáningu, aðstoða við skynúrvinnslu og þjálfa fín- og grófhreyfingar. Einnig felur starfið í sér vinnu með ýmsa grunnfærni í stærðfræði og íslensku. Ýmislegt þarf að hafa í huga s.s. aðgengi í skólanum, skipulag á kennslusvæði, hjálpartækjamál, myndrænt skipulag og að efla tölvufærni, svo eitthvað sé nefnt.

Auk þess að vinna að beinni þjálfun nemenda í skólanum, þarf að huga að ýmsum undirbúningi tengdum námi og veru nemandans í skólanum. Við leggjum fyrir þroska- og skólafærnimat (SFA), auk þess að sinna ráðgjöf og fræðslu til samstarfsfólks og foreldra. Við sitjum samráðs- og teymisfundi og vinnum í nánú samstarfi við umsjónarkennara, foreldra og annað fagfólk sem kemur að málum nemandans.

Við nýtum okkur ýmis gögn og leiðir sem til eru. Oft þarf að aðlaga, breyta og bæta námsefni til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda okkar. Okkur hefur reynt vel að sækja fræðslu og námskeið sem gefa okkur verkfæri til að nýta í vinnu með nemendum. Ein aðferð hentar

ekki öllum og þarf að nálgast hvern og einn nemanda á hans forsendum. Þrátt fyrir öll þau námsgögn sem við höfum aðgang að er *reynsla í starfi okkar besta verkfæri*.

Í starfi okkar sem þroskaþjálfar í grunnskólum á Selfossi komum við að málum margra nemenda og ekki fá allir þann tíma og þjónustu sem við vildum veita. Framtíðarsýn okkar er sú að minnsta kosti einn þroskaþjálfari væri starfandi á hverju skólastigi grunnskólans og að störf þroskaþjálfara í grunnskólum landsins yrði sjálfsagður hluti af skólasamfélagi margbreytileikans.

***Afmæliskveðjur
til allra þroskaþjálfara!***

STARFSVETTIVANGUR ÞROSKAÞJÁLFA Á FRÍSTUNDAHLUTA SKÓLA OG FRÍSTUNDASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR

Höfundar: Auður Björk Kvaran, Andrea Bergmann Halldórsdóttir, Árbjörg Ólafsdóttir, Birna Rebekka Björnsdóttir, Jón Þórður Baldvinsson, Ólöf Hafína Ingólfssdóttir, Margrét Rannveig Halldórsdóttir, Sigríður Rut Hilmarsdóttir.

Fritíminn er í nútímaþjóðfélagi vettvangur uppeldisstarfs þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska og færni með fjölbreyttum viðfangsefnum og reynslunámi. Á vettvangi fritímans er lögð áhersla á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmýnd og efla samfélagslega virkni og þátttöku. Uppbygging þjónustu í fritímanum er ein af kröfum nútímans. Þar á að vera vettvangur tómtunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfs starfsfólks.

Frístundaheimili eru starfrækt við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er 6-9 ára börnum boðið upp á fjölbreytt tómtundastarf eftir að skóladegi lýkur. Leitast er við að bjóða upp á spennandi viðfangsefni sem veita börnum útrás fyrir leik- og sköpunarþörf. Sex frístundaklúbbar og félagsmiðstöð fyrir fótluð börn og unglunga á aldrinum 10-16 ára eru reknir í Reykjavík. Opið er eftir að almennum skólatíma lýkur. Meginmarkmið með starfseminni er að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi frístundastarf þar sem uppeldisgildi fritímans (afþreying, menntun og forvörn) eru höfð að leiðarljósi.

Leiðarljós frístundastarfsins er að hver einstaklingur fái að njóta sín

og þroskast í umhverfi sem ein-kennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu í gegnum leik og starf. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður.

SAGAN

Íþrótt- og tómtundasvið Reykjavíkurborgar (ÍTR) sá um rekstur frístundastarfsins frá árinu 2004. Árið 2006 var ákveðið að ráða í starf ráðgjafarþroskaþjálfar til reynslu í 1 ár og hafði ráðgjafarþroskaþjálfari það hlutverk að vera með fræðslu og ráðgjöf ásamt því að halda utan um og úthluta sértækum stuðningi á frístundaheimilin. Fram að þeim tíma var lítið utanumhald og skipulag varðandi úthlutun stuðnings á almenn frístundaheimili borgarinnar enda ÍTR á þeim tíma nýtekið við öllum frístundaheimilum borgarinnar frá skólunum sem áður sáu um þjónustuna. Haustið 2011 var nýtt svið skóla- og frístundasvið (SFS) stofnað og var þá búið að taka ákvörðun um að frístundaþjónusta fyrir 6-16 ára flyttist frá ÍTR yfir til SFS þar sem hún er í dag. Í dag starfa

8 þroskaþjálfar (með aðild að ÞÍ) á frístundahluta SFS.

Starf ráðgjafarþroskaþjálfara festi sig í sessi og má segja að mikil og ör þróun hafi átt sér stað síðustu 9 ár. Á þessum árum hefur verið unnið verklag við útfærslu þjónustunnar, varðandi úthlutun stuðnings og eins hefur heilmikil vinna verið lögð í fræðslu og ráðgjöf varðandi nálgun viðfangsefnisins og hugmyndafræði í kringum þjónustuna. Frá upphafi hefur starfsháttum ráðgjafarþroskaþjálfara verið hagað á þann hátt að úthlutun stuðnings hefur miðast við félagslega stöðu barna í stað þess að miða við skerðingu, fatlanir og/eða greiningar.

Á haustmánuðum 2012 var ákveðið að stofna þekkingarmiðstöð í mál-efnum fatlaðra á frístundahluta SFS. Þekkingarmiðstöðin er staðsett í frístundamiðstöðinni Kringlumýri en vinnur þvert á borgina og þjónustar allar frístundamiðstöðvar hennar sem eru 6 talsins. Einnig skóla sem sjálfir sjá um rekstur frístundaheimila ásamt því að þjónusta frístundaheimili einkaskóla og þau frístundaheimili landsins sem þjónusta reykvísk börn með úthlutaðan stuðning.

ÞEKINGARMIÐSTÖÐ Í MÁLEFNUM FATLAÐRA Á FRÍSTUNDAHLUTA SFS

Þekkingarmiðstöðin samanstendur af verkefnastjóra á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra, ráðgjafarþroskaþjálfar og deildarstjóra frístundastarfs fatlaðra barna og unglunga í Klettaskóla (allt þroskaþjálfar sem gegna þessum störfum). Verkefnastjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra er leiðandi og stýrir stefnumótun í frítímastarfi fatlaðra barna og unglunga. Ráðgjafarþroskaþjálfari ásamt verkefnastjóra á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra halda utan um og úthluta stuðningi til reykvískra barna á almennum frístundaheimilum og deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra barna og unglunga heldur utan um, stýrir og ber ábyrgð á faglegu frítímastarfi fyrir börn og unglunga í Klettaskóla.

Þekkingarmiðstöðin veitir ráðgjöf og er stefnumótandi varðandi allt starf sem viðkemur fötlum börnum og unglungum og börnum með úthlutaðan stuðning á frístundahluta SFS. Þekkingarmiðstöðin viðheldur jafnframt og þróar sérþekkingu og nýbreytni í almennu og sértæku frístundastarfi fyrir fötlum börn og unglunga ásamt því að innleiða viðeigandi hugmyndafræði og verklag hverju sinni í öllu því sem tengist starfi með fötlum fólki á vettvangi frítímans. Þekkingarmiðstöðin er í miklum samskiptum og samstarfi við fagskrifstofur SFS og þá sér í lagi leiðandi aðila varðandi úthlutun stuðnings í leik- og grunnskóla borgarinnar. Einnig er nokkuð um samstarf og samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þekkingarmiðstöðin kemur að ýmsum sértækum verkefnum, tekur til umfjöllunar undanþágubeiðnir og vinnur að miðlægum verkefnum sviðsins.

Varðandi úthlutun stuðnings og ráðgjöf á frístundaheimili borgarinnar gegnir ráðgjafarþroskaþjálfari stóru hlutverki. Hlutverk hans er að taka á móti umsóknum um stuðning, skrá þær og halda utan um flest er viðkemur þeim. Ráðgjafarþroskaþjálfinn sinnir fræðslu og ráðgjöf út á frístundarheimilin og leitast við að hafa faglegt eftirlit með einstaklingsáætlunum og vinnu að markmiðum. Reynt er að sinna fræðsluþörfum frístundaheimilanna gagnvart börnum með úthlutaðan stuðning sem best og er ráðgjafarþroskaþjálfari oft með fræðslu um t.d. greiningar þeirra barna sem nýta þjónustuna, vinnuáferðir með börnum með ADHD, viðbrögð við óæskilegri hegðun eða annað sem óskað er eftir eða þörf er talin á hverjum stað. Ráðgjafarþroskaþjálfari sinnir leiðsögn og ráðgjöf út á frístundaheimilin með því að fara í heimsóknir og fylgjast með starfinu. Í þeim heimsóknum gefst oft tækifæri til að ráðleggja forstöðumönnum varðandi innra og ytra skipulag og veita leiðsögn um skipulag umhverfisins.

Úthlutunarteymi þekkingarmiðstöðvar fundar vegna umsókna sem berast um sértækan stuðning og úthlutar stuðningi til frístundaheimila í formi stöðugilda. Barnahópurinn á hverju frístundaheimili er metin sem heild og fær frístundaheimilið heimild fyrir heildarfjölda stöðugilda stuðningsstarfsmanna án þess að tekið sé fram hvernig úthlutunarteymi áætla stuðning til hvers og eins barns. Það er svo hlutverk forstöðumanns að ráðstafa skiptingu starfsmanna milli barnahópsins eins og hann telur best. Við úthlutun er horft á þjónustuþörf barnsins, ekki út frá greiningu, heldur einungis út frá félagslegri stöðu barnsins í frístundaheimilinu, hvort barnið sé að taka þátt í skipulögðu starfi og hvernig barnið stendur í félags- og samskiptafærni. Við út-

hlutun er jafnframt horft á umhverfi hvers frístundaheimilis, samsetningu hvers starfsmannahóps, reynslu stjórnandans, fjölda barna á hverjum stað osfrv. Því heildarmyndin skiptir miklu þegar kemur að ákvörðun um úthlutun.

Þekkingarmiðstöðin leggur metnað í að standa vörð um hagsmuni þeirra sem nýta þjónustuna ásamt því að vekja athygli á málefnum er tengjast málaflokknum, ráðstefnum, námskeiðum og hverju því sem eftir gæti starfseminna og orðið henni til framþróunar. Þekkingarmiðstöðin stendur einnig að reglulegum málstofum, fundum og fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur frístundaheimila, frístundaklúbba og félagsmiðstöðva.

FRÍSTUNDAHEIMILI

Starfsemi frístundaheimila í Reykjavík er gríðarlega fjölbreytt þar sem unnið er að því að hver einstaklingur, óháð kyni, litarhætti, trúarbrögðum eða fötlun, fái að njóta sín í leik og starfi og þroskast í umhverfi þar sem hlýja, öryggi og virðing er í fyrirrúmi. Einstaklingurinn nær að efla færni sína í samskiptum við önnur börn, lærir að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt umhverfi sínu. Á frístundaheimilum er unnið með barnalýðræði sem eflir barnið í að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfið og aðstæður (Reykjavíkurborg, e.d.)

Á frístundaheimilum SFS er bæði unnið eftir Barnasáttamála Saminuðu þjóðanna og stuðst við hugmyndafræði um barnalýðræði sem gerir það að verkum að börnin geta og eiga að hafa áhrif á starfið. Fullt samráð er haft við börnin þegar ákveðið er hvað er boðið upp á hverju sinni, í hópastarfi eða klúbba-starfi. Þar er unnið með ákveðin viðfangsefni hverju sinni s.s. bakstur og tilraunir, farið í vettvangsferðir t.d. í sund eða á bókasafn. Börnin

velja sér þann hóp eða klúbb sem þau vilja taka þátt í. Sum börn eiga oft í erfiðleikum með að taka þátt í starfinu þar sem hóparnir eru ef til vill of fjölmennir. Þau skilja oft ekki til hvers ætlast er af þeim og hafa ekki þolímæði í að bíða eftir að röðin komi að þeim. Oft eru hóparnir hafðir minni og látnir snúa að áhugamáli þeirra sem eiga erfiðara með hópastarf. Með því er verið að koma til móts við þarfir þeirra og hvetja þau til virkrar þátttöku. Í minni hópum er auðveldara að útskýra þær reglur sem gilda, það er ekki eins löng bið eftir að röðin komi að þeim og minni líkur á að þau dragi sig í hlé úr leiknum og fari að leika við hlið þeirra í stað þess að leika með þeim. Í litlum hópum eru einnig minni líkur á að einstaka barn lendi í árekstrum við önnur börn.

Í upphafi hverrar viku er sett upp á hverjum stað sjónrænt skipulag, bæði dagskrá vikunnar og hvers dags fyrir sig. Þetta er gert til þess að auðvelða börnunum að hafa yfirsýn yfir tíma sinn í frístundaheimilinu. Mikilvægt er að undirbúa börnin vel þegar bregða þarf út af dagskipulagi. Með því að hafa starfið vel skipulagt með skýrum markmiðum, þar sem dagurinn hefst og endar alltaf eins erum við að búa til öruggt umhverfi fyrir barnið og stuðlum að vellíðan þess á frístundaheimilinu.

Þegar foreldrar sækja um á frístundaheimilum gefst þeim kostur á að fylla út upplýsingar varðandi sértækar þjónustur þarfir, t.d. ef barn hefur greinst með þroska- og/eða hegðunarfrávik eða ef barn er með ofnæmi. Ef foreldrar nefna í umsókn að barn sé með þroska- og/eða hegðunarfrávik er haft samband við foreldra þess barns og þarfir barnsins ræddar. Ef barnið hefur verið með stuðning á leikskóla eru foreldrar spurðir hvort það telji þörf á því að barnið hafi stuðning á frístundaheimilinu. Sé barnið að

koma úr öðru frístundaheimili er spurt hvernig gengið hafi þar. Séu foreldrar með annað móðurmál en íslensku er fenginn túlkur ef þörf er á. Ef foreldrar telja að barnið þurfi á stuðningi að halda er unnin einstaklingsáætlun þar sem fram koma þjónustur þarfir, styrkleikar og áhugasvið barnsins. Jafnframt eru unnin langtíma- og skammtímamarkmið í samráði við foreldra og er ávalt leitast við að vinna að markmiðum í gegnum styrkleika og áhugasvið hvers og eins. Markmiðin sem og þjónustur þarfir eru endurskoðuð um áramót eða í byrjun árs með formlegu endurmati. Mikilvægt er að vinna einstaklingsáætlun og endurmat í samstarfi við foreldra sem skrifa undir bæði plögginn til samþykkis.

SÉRTÆKT FRÍSTUNDA- STARF FYRIR NEMENDUR Í KLETTASKÓLA

Líkt og við alla grunnskóla í Reykjavíkurborg er starfrækt frístundastarf fyrir nemendur Klettaskóla. Nemendur skólans eru á aldrinum 6 -16 ára og tekur frítímapjónustan mið af aldri nemenda. 1.- 4. bekkur getur nýtt þjónustu í frístundaheimilinu Guluhlíð, nemendum 5. – 7. bekkjar stendur til boða að skrá sig í frístundaklúbbinn Garð og í félagsmiðstöðina Öskju er tekið á móti unglingum í 8. – 10. bekk. Á öllum stöðum starfa þroskaþjálfar sem forstöðumenn og sjá þeir um að halda utan um rekstur staðarins auk þess að bera ábyrgð á því að unnið sé faglega eftir markmiðum frístundastarfs. Markmið frístundastarfsins eru þau sömu og í almennu frístundastarfi, en auk þeirra er rík áhersla lögð á aldursviðeigandi viðfangsefni.

Í frístundastarfinu er meðal annars unnið eftir hugmyndafræði um normaliseringu og jákvæða nálgun ásamt því að hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ávallt

að leiðarljósi. 31. grein Barnasáttmálans um hvíld og tómsundur er í hávegum höfð ásamt áherslum á barnalýðræði.

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ GULUHLÍÐ

Frístundaheimilið Gulahlíð sinnir 6 – 9 ára börnum sem stunda nám á yngsta stigi í Klettaskóla. Gulahlíð er staðsett í Vesturhlíð 3 við náttúruperlurnar í Nauthólsvík og Öskjuhlíð þannig að stutt er að fara í vettvangsferðir sem bjóða upp á skemmtilegt umhverfi og upplifun.

Í Guluhlíð er lögð rík áhersla á metnaðarfullt tómsundastarf fyrir öll börnin, boðið er upp á skipulagða dagskrá þar sem Taekwondo, tónlistarkennsla, leiklist og íþróttir eiga sinn fasta sess undir leiðsögn fagfólks í hverri grein. Til þess að tómsundakennsla Guluhlíðar fái þann sess í starfinu sem raunin er, er því þannig háttað að sérstakt skipulag fylgir hverri tómsundagrein þar sem börnunum er skipt í hópa sem mæta á fyrirfram ákveðnum tíma í sínar tómsundagreinar. Með þeim hætti er tryggt að öll börnin sem nýta þjónustu í Guluhlíð fái tækifæri til að eiga sinn tómsundatíma á hverjum degi og taka þátt með þeim tómsundahóp sem þau tilheyra. Verkefnið hefur sýnt að börnin eru stolt af tómsundastarfi sínu og bíða spennt eftir því sem er í boði hverju sinni, en hver tómsundagrein á alltaf sinn dag í hverri viku og eru börnin orðin vel kunnug því dagskipulagi sem er á frístundaheimilinu. Frístundaheimilið Gulahlíð leggur á þennan hátt sitt af mörkum þannig að þau börn sem nýta sér þjónustu frístundaheimilisins verða um leið hluti af þeim hóp barna sem stundar tómsundur í sínum frítíma líkt og öll önnur börn. Metnaðarfullt tómsundastarf og reynsla barna af því að nýta frítíma sinn vel hefur mikilvægt gildi þegar horft er til framtíðar.

Við í Guluhlíð höfum öll spil á hendi þegar kemur að því að nýta frítíma þeirra barna sem hjá okkur dvelja sem allra best, við leggjum metnað okkar í að fara vel með tíma þeirra og bjóða þeim upp á tómstundatilboð sem þau annars hefðu mögulega ekki kost á að nýta sér og gera það þannig að barnið njóti tímans, læri og þroskist í tómstundagreininni á sínum forsendum. Þannig verður sá tími sem barnið nýtir þjónustu í Guluhlíð vonandi eftirminnilegur og merkingabær ef til vill næst að kveikja áhuga á tómstundaiðkun til framtíðar.

FRÍSTUNDAKLÚBBURINN GARÐUR

Garður er frístundaklúbbur fyrir börn í 5. - 7. bekk Klettaskóla. Frístundaklúbburinn er staðsettur í Skógarhlíð 20, í stóru húsnæði þar sem möguleikar á fjölbreyttu tómstundarstarfi eru miklir.

Markmiðin með starfinu í Garði eru að börnin fái einstaklingsmiðaða þjónustu, aðstöðu og tækifæri til að kynnst fjölbreyttum tómstundum, efla félagsþroska, öðlast færni til sjálfshjálpar og eiga eftirminnilegan og skemmtilegan tíma. Lögð er áhersla á aldursmiðaðar tómstundir þar sem barnalýðræði er haft að leiðarljósi og börnin eru því yfirleitt með í ráðum þegar kemur að skipulagningu tómstunda. Börnin fá sem þátttakendur í frístundastarfinu val um hvaða tómstundum þau taka þátt í en eru samt sem áður hvött til að taka þátt í því skipulega starfi sem fram fer. Einnig eru börnin iðulega hvött til að taka þátt í tómstundum sem þau hafa ekki reynt áður, með það að markmiði að hjálpa þeim að öðlast nýja reynslu og uppgötva nýjar athafnir. Þær tómstundir sem stundaðar eru í Garði geta til að mynda verið íþróttir, myndlist, tónlist, bakstur, handverk, spil, tölvur, almenningshreyfing, ýmis konar hópleikur og margt fleira. Þátttaka barnanna í

tómstundum frístundarklúbbsins getur bæði verið hópamiðuð og einstaklingsmiðuð.

Gengið er út frá því að börnin séu hluti af hóp og fái tækifæri til að kynnst nýjum félögum og að þroska sinn vinskapa. Þjónustan í Garði miðar að því að efla sjálfshjálpar, sjálfstæði og félagsþroska barnanna. Þannig er unnið að því markmiði að börnin þroski með sér vald yfir eigin lífi í sátt og samlyndi við aðra. Í Garði er einstaklingsmiðuð þjónusta enda er hópurinn sem nýtir sér frístundina þar ákaflega fjölbreyttur. Unnin er einstaklingsáætlun fyrir hvert barn þar sem þjónustubörf og markmið eru tilgreind og þroskaþjálfari sem gegnir stöðu forstöðumanns, sér til þess að unnið sé eftir þeim markmiðum í daglegu starfi.

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ASKJA

Askja er félagsmiðstöð fyrir nemendur í 8.-10. bekk Klettaskóla. Líkt og í frístundastarfi á yngri stigum er lögð rík áhersla á barnalýðræði, fjölbreyttu tómstundastarfi, eflingu félagsþroska, sjálfstæði og einstaklingsmiðaða þjónustu. Markmiðið með starfinu er að bjóða uppá fjölbreytt og metnaðarfullt tómstundarstarf þar sem allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Starfið í Öskju er byggt á sama grunni og gert er í yngri deildum. Þrátt fyrir að sama hugmyndafræðin sé nýtt, er mikill eðlismunur á starfinu, þar sem um er að ræða aldursþroska með mjög ólíkar þarfir. Í Öskju er menningarheimur unglunga endurspegladur, við nýtum tækni markvisst í okkar starfi, erum hluti af Samtökum félagsmiðstöðva (Samfés) og tökum þátt í viðburðum sem ætlaðir eru unglungum. Síðasta árið höfum við sem dæmi farið á Landsmót Samfés, Samfestinginn, Stíl, Reykjavík Got Talent, Drullumall, Skrekk og fleiri viðburði.

Í 3. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

kemur fram að bera eigi virðingu fyrir meðfæddri göfgi og rétt þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína. Sjálfsmynd okkar getur verið flókin og haft gífurleg áhrif á líf okkar og lífsgæði. Á unglingsárum er lagður grunnur að mikilvægum þáttum í sjálfsmynd okkar og því er mikilvægt fyrir framtíðina að unglingar fái tækifæri til að þroska hana. Þroskasálfræði unglingsáranna segir okkur að unglingar séu hópsálar, sem hafi mikla þörf fyrir tengingu við jafningja sína og mikilvægt sé að þeir upplifi sig sem hluta af stærri hóp (Berger, 2011). Því er lögð rík áhersla á samveru með jafningjum, samvinnu, hópastarf og að félagsmiðstöðvarbragurinn endurspeglir samstöðu og samheldni og að Askja sé hópur sem eftirsóknarvert sé að vera hluti af.

Í 3. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er einnig fjallað um réttindi einstaklinga til að hafa áhrif á eigið líf. Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði eru aðrir þættir sem hafa rík áhrif á sjálfsmynd okkar og leggjum við því mikla áherslu á að Askja sé félagsmiðstöð unglunganna og að þau hafi áhrif á það starf sem er í boði.

Einstaklingsáætlanir sem miðað er við í starfi eru því unnar í samstarfi við unglingana og setjum við fram markmið í samræmi við óskir þeirra. Í Öskju er einnig opið nemendaráð sem allir geta tekið þátt í á eigin forsendum. Haldnir eru vikulegir fundir sem bæði er vettvangur til að koma athugasemdum og hugmyndum á framfæri, auk þess sem unglungarnir skipuleggja og velja ýmsa viðburði. Misjafnt er á hvaða vikudögum fundirnir eru haldnir þar sem við teljum mikilvægt að sem flestir eigi tækni á að mæta á fundi. Í Öskju er unglungurinn og skoðanir hans í forgrunni.

FRÍSTUNDAKLÚBBAR FYRIR FÖTLUÐ BÖRN ÚR ALMENNUM GRUNNSKÓLUM

Á vegum skóla- og frístunda- sviðs Reykjavíkurborgar starfa þrjú frístundaklúbbar þvert á milli borgarhluta. Klúbbarnir hófu starfsemi sína árið 2007 og þjónusta 10-16 ára fötluð börn eftir að skóla lýkur á daginn. Börnin eru í almennum grunnskólum og tilheyra fötlunarflokkum 1, 2 eða 3. Markmiðið er að veita börnunum, unglingunum og foreldrum þeirra heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldis- gildi frítímastarfs eru höfð að leiðar- ljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður þar sem hægt er að efla samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfs- myndar og auka félagslega þátttöku.

Markmið frístundaklúbbanna er að bjóða upp á fjölbreytt og aldurs- tengd viðfangsefni sem höfða til ólíkra barna og unglunga með mis- munandi áhugasvið. Starfið fer hvoru tveggja fram í skipulagðri dagskrá í klúbbnum auk þess sem markvisst er leitast eftir að vekja áhuga barna og unglunga í frístundaklúbbnum á almennu félagsmiðstöðvarstarfi og styðja þau til þátttöku í samráði við forstöðumenn félagsmiðstöðva

og foreldra viðkomandi barns eða unglings. Þetta er til dæmis gert með því að sækja viðburði í félags- miðstöðvum hverfanna, hvort sem er fyrir 10 – 12 ára hópin eða unglunga. Einnig hafa klúbbarnir tekið þátt í viðburðum á vegum samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS), þar ber helst að nefna hönnunar- keppnina Stíl, Samfestinginn (ball og söngvakeppni) og hið árlega landsmót sem haldið er yfir helgi. Börnunum og unglingunum gefst kostur á að sækja þetta almenna starf og fá til þess stuðning frá starfsfólki klúbbanna.

Hugmyndafræði frístundaklúbbsins byggir á einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem áhersla er á að vinna með styrkleika hvers og eins. Einstaklingsáætlanir eru gerðar í byrjun skólaárs þar sem listuð eru niður þau skammtíma- og langtímamarkmið sem vinna á að með barninu og hvaða leiðir á að fara. Ávallt er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga.

AÐ LOKUM

Að vinna sem þroskaþjálfari í frístunda- starfi er spennandi starf. Enginn dagur er eins og með sibreytilegum og fjölbreyttum barna- og unglunga- hópum reynir mikið á faglega nálgun

þroskaþjálfans í starfi. Í „frístunda- starfi fyrir alla“ eða frístundastarfi margbreytileikans taka þátt bæði einstaklingar með hinar ýmsu greiningar og án greininga. Einstaklingar sem ekki hafa íslensku sem móðurmál og koma frá ólíkum menningarheimum. Þroskaþjálfar eiga fullt erindi á þessum starfsvettvangi og er með sannri hægt að segja að nám þroskaþjálfara nýtist afar vel á þessum vettvangi þar sem öll áherslan er á styrkleika hvers og eins, áhugasvið og getu. Það getur oft verið flókið að mæta ólíkum þörfum hvers og eins en hvaða stétt önnur en fagstétt þroskaþjálfara er betur til þess fallinn að sinna því starfi af kostgæfni?

Heimildir:

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. Nr. 31/1992.

Berger, K.S. (2011). *The Developing Person Through the Lifespan (8th ed.)*. New York worth.

Margrét Margeirsdóttir. 2001. *Fötlun og samfélag: Um fatlanir*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Reykjavíkurborg. (e.d.) Frístundaheimili. Sótt af <http://reykjavik.is/fristundaheimili>.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks Nr. 3 /2009.

HVAÐ GERIR ÞROSKAÞJÁLFI HJÁ STÍGAMÓTUM?

Höfundur: Helga Baldvins- og Bjargardóttir

Í þessari grein fjalla ég um störf mín sem þroskaþjálfar hjá Stígamótum þar sem ég starfa sem sérstakur ráðgjafi fyrir fatlað fólk. Stígamót vinna gegn kynferðisofbeldi og sinna þjónustu við einstaklinga sem orðið hafa fyrir slíku ofbeldi. Rannsóknir sýna að fatlað fólk er í aukinni áhættu fyrir að verða fyrir ofbeldi og við því vildu Stígamót bregðast.

HUGMYNDAFRÆÐI OG DAGLEG VIÐFANGSEFNI

Stígamót eru sjálfseignasamtök sem hafa það að markmiði að vinna gegn kynferðisofbeldi með fræðslu og pólitísku starfi auk þess að veita aðstoð fyrir einstaklinga sem eru 18 ára og eldri sem hafa verið beittir slíku ofbeldi. Starfsemin hefur sífellt farið vaxandi áherslan hefur verið lögð á að bjóða upp á aðstoð fyrir sem flesta brotaþola kynferðisofbeldis. Það var því mikið fagnaðar-efni árið 2014 þegar starfsemin var flutt í mun stærra og aðgengilegra húsnæði að Laugavegi 170.

Í kjölfarið var ráðið inn nýtt starfsfólk til að auka og bæta þjónustu Stígamóta. Annars vegar var það Hjálmar Sigmarsson sem er ætlað að ná betur til karlkyns brotaþola kynferðisofbeldis. Hins vegar ég, með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks til að ná betur til fatlaðra einstaklinga sem hafa orðið fyrir



Hjálmar og Helga

kynferðisofbeldi. Ég var ráðin í það starf vegna sérþekkingar minnar á mannréttindum fatlaðs fólks en ég er þroskaþjálfari og lögfræðingur auk þess sem ég hef klárað öll námskeið í fötlunarfræði nema ritgerðina.

Við vitum samkvæmt innlendum og erlendum rannsóknum að fatlað fólk verður fyrir meira ofbeldi en aðrir og kynferðisofbeldi er þar ekki undanskilið. Það sem er ólíkt er að ofbeldið varir oft lengur og er víðtækara þegar það beinist að fötluðu fólki. Má þar nefna rótgróna fordóma og ýmsar gerðir af umönnunartengdu ofbeldi. Margt fatlað fólk þarfnast aðstoðar við persónulegar athafnir daglegs lífs. Þegar þjónustukerfin

eru byggð upp þannig að fólk hafi ekki val um hver veitir þjónustuna eða hvernig hún er framkvæmd aukast líkurnar á að það verði fyrir ofbeldi og vanrækslu.

Hlutverk mitt innan Stígamóta er tvíþætt, það er, að veita ráðgjöf og stuðning fyrir fatlað fólk sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi og standa fyrir fræðslu og vitundarvakningu því tengdu.

Á Stígamótum þykir mikilvægt að fólk fái sjálft að skilgreina það ofbeldi sem það hefur orðið fyrir. Ef einhver fer yfir kynferðisleg mörk manneskju, hvort sem það er með orðum, sjónrænt eða líkamlegt

Þá getur manneskjan sem fyrir því verður setið uppi með afleiðingar kynferðisofbeldis. Stígamót er griðarstaður þar sem fólk getur komið og talað um erfiða lífsreynslu við ráðgjafa sem trúir viðkomandi og veitir stuðning til sjálfshjálpar. Sem þroskaþjálfari finnst mér þetta í takt við að vinna í anda valdeflingar með virðingu fyrir sjálfþæði og sjálfstæði þeirra einstaklinga sem til okkar leita. Sömuleiðis sú nálgun Stígamóta að líta ekki á brotþola kynferðisofbeldis sem veika, ónýta eða skemmda einstaklinga sem þarf að laga, lækna eða gera við. Okkur finnst eðlilegt að þeir sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi séu með afleiðingar þess og því álitum við slíkar afleiðingar vera heilbrigð viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Þessi nálgun á sér ákveðna samsvörun í því hvernig horfið hefur verið frá galla- eða skerðingarsjónarhorni á fötlun yfir í að skoða félagslegar aðstæður og mannréttindi fatlaðs fólks í ríkara mæli.

HELSTU ÁSKORANIR

Í mars á þessu ári eru 25 ár liðin frá stofnun Stígamóta. Á þessum árum hefur fatlað fólk alltaf verið hluti þeirra sem þangað leita. Við vitum hins vegar að fatlað fólk er einungis lítill hluti þeirra sem leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum, sérstaklega þegar horft er til þess hversu algengt er að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi. Við þessu vildu Stígamót bregðast og til þess er ég sérstaklega ráðin.

Starfsfólk Stígamóta er meðvitað um að ekki hefur alltaf verið hægt að mæta ólíkum þörfum fólks vegna fötlunar. Ég er ráðin inn til að finna hvaða hindranir eru fyrir fatlað fólk þegar kemur að því að leita sér aðstoðar hjá Stígamótum og vinna í því að fjarlægja þær. Þar finn ég að þekking mín á stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu og þeim fordómum og hindrunum sem til staðar eru nýttist mér afar vel.

Þegar ég er með fyrirlestra eða fræðslu bendi ég á hvernig kynferðisofbeldi fer oft framhjá starfsfólki og aðstandendum fatlaðs fólks. Algengt er að afleiðingar ofbeldisins á borð við hegðunarerfiðleika, vanlíðan eða kvíða séu útskýrð með vísan í skerðingu viðkomandi án þess að horft sé til annarra atriða. Þannig gleymist oft að líta fyrst og fremst á fatlað fólk sem manneskjur með tilfinningar, langanir og þrár eins og aðrir og framangreind einkenni ber að taka alvarlega og skoða í stað þess að gefa sér að þetta tengist endilega skerðingu manneskjunnar.

Þá er mikilvægt að vanda viðbrögðin ef fatlað fólk stígur fram og segir frá ofbeldi. Því miður er það alltof algengt að fyrstu viðbrögð viðmælanda séu að gera lítið úr því „Var þetta nokkuð svo slæmt“, „Hann er bara skotinn í þér“ eða „Þetta var örugglega ekkert illa meint“. Svona viðbrögð láta brotapolum líða illa, fá þá til að skammast sín og minnka líkurnar á að þeir þori að tjá sig aftur um erfiða lífsreynslu.

Hvað varðar fatlað fólk þá flækjast málin oft líka vegna þess að það eru oft á tíðum fleiri aðilar inni í þeirra lífi sem veita aðstoð við persónulegar athafnir á borð við böðun og klósettferðir. Þá getur verið erfitt að átta sig á hvenær þjónustan er orðin „of mikil“ eða þannig að hún fari yfir mörk manneskjunnar.

AÐ LOKUM

Hjá Stígamótum eru ráðgjafar með ólíka menntun á borð við félagsráðgjöf, sálfræði, guðfræði, kynjafræði og náms- og starfsráðgjöf. Þetta samstarf ólíkra fagstétta gerir okkur kleift að nýta það besta úr ólíkum nálgunum og takast á við ýmis viðfangsefni í starfi með því að velta upp mismunandi sjónarhornum. Þá er ákveðinn samsláttur á milli starfs míns sem ráðgjafa Stígamóta fyrir fatlað fólk við starf

réttindagæslumanna og höfum við unnið saman varðandi fræðslu og við að upplýsa fatlað fólk um þjónustu beggja aðila.

Að vera þroskaþjálfari hjá Stígamótum er nýtt og spennandi starf þar sem ég upplifi mig vera takast á við mikilvæg og krefjandi verkefni. Ég finn að nám mitt og starfsreynsla gerir mig betur í stakk búna til sinna bæði ráðgjöfinni og fræðslunni. Ég er meðvitað um fordóma gagnvart fötluðu fólk og helstu staðalímyndir sem ber að forðast auk þess sem ég hef tamið mér að nota einfalt og auðskilið mál. Þá auðveldar það vissulega starfið hvernig hugmyndafræðileg stefna Stígamóta er í miklum samhljómi við áherslur úr þroskaþjálfanáminu með áherslu á virðingu fyrir mannlegri reisn og sjálfþæði þeirra einstaklinga sem hingað leita.

Margar áskoranir liggja enn óleystar eins og hvernig hægt er að ná til einstaklinga sem hafa miklar þjónustuparfir, eiga erfitt með að tjá sig o.s.frv. Það eru því mörg og spennandi verkefni framundan sem ég hlakka til að takast á við sem þroskaþjálfari á Stígamótum.

FULLORÐINSFRÆÐSLA FATLAÐS FÓLKIS HJÁ SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐINNI Á VESTURLANDI

Höfundur: Helga Björk Bjarnadóttir, þroskaþjálfari og verkefnastjóri Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi

Símenntunarmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hafa staðið fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks síðastliðin ár í samstarfi við Fjölmennt, -símenntunar og þekkingarmiðstöð.

Hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi hefur margt verið að gerast undanfarin misseri. Árið 2012-2013 fór miðstöðin í samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fékk úthlutað fjármagn frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa og kenna heilsu- og tólmstundabraut (2 annir- 198 kennslustundir). Markmiðið var að efla virkni fólks og stuðla að áframhaldandi námi og þátttöku á vinnumarkaði. Brautin var kennd samhliða á Ísafirði með

fimm nemendur og í Borgarnesi með fjóra. Tilgangur námsins var að efla andlega og líkamlega heilsu með því að stuðla að aukinni virkni og efla sjálfstraust þátttakenda. Einnig var tilgangurinn að auka lífsgæði, jákvæðni og samvinnu. Námið heppnaðist einstaklega vel og í kjölfar þess fékk einn þátttakandi brautarinnar inni í diplómanám í Háskóla Íslands.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi fór einnig í samstarf við Fræðslunet Suðurlands árið 2013. Fjármagn fékkst úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu og frá fyrirtækjum og stofnunum til að skrifa námskrá og kenna brautina. Námskráin er tilbúin nú á vorönn 2015 og áætlað



Helga Björk Bjarnadóttir

er að kennsla hefjist á Selfossi og Akranesi í haust. Á þessari braut er lögð áhersla á að mæta þörfum fólks með einhverfu og fólki sem býr við fjölbættar fatlanir, andlegar og líkamlegar. Námsgreinar brautarinnar eru fjórar: Leiklist, myndlist, textílmennnt og tónlist. Spannandi verður að sjá hvernig til tekst.

Á hverju ári eru í boði fjölbreytt tólmstundanámskeið fyrir fatlað fólk á Vesturlandi. Nú á vorönn 2015 er í boði sund, hreyfing, matreiðsla inn á heimilum, leiklist, silfursteypa og leikræn tjáning, útivera og listsköpun. Dagsnámskeið hafa verið í boði á mismunandi stöðum, þ.e. á Snæfellsnesi, í Borgarnesi og á Akranesi. Námskeiðin hafa gefist vel og



Söng og leiklist, 13. sept 2014

eftl tengsl fólks í kjölfarið. Þátttakendur hafa verið um 60-80 yfir árið á um 12 námskeiðum að meðaltali, þar af sumir sem hafa sótt fleiri en eitt námskeið.

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í samstarfi við *List án landamæra* og haldið sýningu árlega á sumardaginn fyrsta þar sem þátttakendur námskeiða hjá miðstöðinni sýna verk sín. Á síðasta ári sóttu um 40 manns sýninguna.

Verkefnastjórar á landsvísu, sem fara með fræðslumál fatlaðs fólks, hafa stofnað hóp og hittast einu sinni til tvisvar á ári. Sá vettvangur er góður til að miðla á milli stöðva því sem vel hefur gengið og skiptast á reynslu.

Það er ljóst að hlutverk símenntunarmiðstöðvanna er mikilvægt í fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks. Skort hefur á námstækifærum fyrir fatlað fólk og er stefna okkar að fá þær námsbrautir sem við höfum

verið að þróa og kenna viðurkenndar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið okkar er að kveikja áhuga fólks á námi og viljum við sjá fatlað fólk fara áfram í nám og er gaman að segja frá því að á s.l. tveimur árum hafa tveir einstaklingar haldið sleitulaust áfram í tónlistarnámi eftir tónlistarnámskeið hjá Símenntunarmiðstöðinni og einn farið í diplómanámið í HÍ. Að þessu vinnum við áfram.

2016

Sendum hugheilar nýárskveðjur til allra okkar féлага í Þroskaþjálfafélagi Íslands með þökk fyrir ánægjulegt afmælisár. Vonum að árið 2016 verði okkur öllum gott og gæfuríkt.

Nýárskveðja
Þroskaþjálfafélag Íslands

HÆFINGARSTÖÐ MEÐ ÁHERSLU Á ÓHEFÐBUNDIN TJÁSKIPTI

TJÁNING ER GRUNDVALLAR MANNRÉTTINDI

Höfundur: Halla Harpa Stefánsdóttir, forstöðuþroskaþjálfari Hæfingarstöðvarinnar Bæjarhrauni.

Þegar útgáfuráð þí leitaði til mín varðandi áhuga á greinaskrifum í 50 ára afmælisrit okkar þroskaþjálfara um starfið í Hæfingarstöðinni að Bæjarhrauni var það fyrsta sem kom upp í hugann „hef ekki tíma“ en um leið hugsaði ég, auðvitað hef ég tíma eins og aðrir félagsmenn. Að sjálfsgöðu vil ég skrifa um starfið mitt til 25 ára enda stolt af því. Ég segi gjarnan að „Hæfingarstöðin er mitt þriðja barn,“ svo stolt er ég af því. Tek það þó fram að skil á milli einkalífs og starfsins er í góðu jafnvægi en óneitanlega hafa ýmsar hugmyndir fæðst innan veggja heimilisins hvort sem þær snúa að skipulagi eða að þeim sem nota þjónustuna.

Ég hóf störf á „gamla Kópavogshæli“ sumarið 1972 þá sextán ára gömul, á fyrstu barnadeildinni sem var opnuð þ.e. deild tuttugu hjá Jóhönnu Bóel Sigurðardóttir heitinni. Hún var deildarþroskaþjálfari þar til margra ára. Jóhanna sú mæta kona var vinkona móður minnar og hafði mikil áhrif á mig. Hún hjálpaði mér m.a. að taka þá ákvörðun að verða „gæslusystir“ sem þá var og hét en ég hafði hugsað töluvert um það áður en ég hóf störf. Fátt þótti skemmtilegra sem barn en að heimsækja móður mína í vinnuna en hún vann á

„gamla Kópavogshæli“ til margra ára. Ég leit upp til þessara kvenna, með kappann og í hvítu sloppunum. Mér fannst þær vinna merkilegt starf og mér finnst starfið enn í dag merkilegt og frábært.

Ég hóf nám í Þroskaþjálfaskóla Íslands árið 1976 og útskrifaðist þaðan 1980, þar sem ég tók mér barnsburðarleyfi á námstímanum en nokkru áður hafði námið verið lengt í þrjú ár. Ég fór í framhaldsnám í sama skóla 1992-95 með áherslu á skipulögð vinnubrögð og stjórnun. Síðar „uppfærði“ ég mig og tók BA gráðu í Þroskaþjálfarafræði og lauk henni árið 2003. Ritgerðin mín og rannsókn fjallaði um *meðferðarlegt gildi hunda fyrir börn og unglinga með einhverfu*. Það er nokkuð ljóst að „ég fer í hundana“ eftir að starfi mínu líkur í Hæfingarstöðinni! Kem ég þá til með að hafa góðan tíma til sinna áhuga mínum á þessum yndislegu dýrum og um leið þjónusta fatlað fólki með því ágæta meðferðarformi sem AAT er þ.e. *Animal Assisted Therapy*. Ég kem svo til með að bæta u.þ.b. 30 árum við starfsaldurinn minn á þessum vettvangi þar sem þroskaþjálfunin er óendanlega skemmtilegt starf!



Halla Harpa Stefánsdóttir

Hér ætla ég að gera grein fyrir starfsemi Hæfingarstöðvarinnar í Bæjarhrauni sem þekkt er fyrir nokkuð sérhæft starf þ.e. þjálfun í notkun óhefðbundinna tjáskipta hjá fólki með fjölbættar stuðningsþarfir. Í titli greinarinnar er fullyrt að tjáning er grundvallarmannréttindi og samkvæmt því hefur verið unnið frá upphafi starfseminnar þ.e. frá 1991, þrátt fyrir að ekki sé skýrt kveðið á um slík réttindi fyrr en í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2007. Í 24. grein 3. mg. segir:

„Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:

a) Auðvelda fólki að læra blindraletur, óhefðbundna ritun, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og..." Proskapjálfar og aðrir starfsmenn í Hæfingarstöðinni líta svo á að þessi réttindi séu undirstaða annarra mannréttinda.

YFIRLIT OG SKIPULAG HÆFINGARSTÖÐVARINNAR BÆJARHRAUNI

- Haustið 1988 hófst starfsemi Hæfingarstöðvarinnar í Hnotubergi í Hafnarfirði en flutti í upphafi árs 1991 að Bæjarhrauni 2, í sama bæjarfélagi. Hæfingarstöðin var starfrækt af Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi þar til flutningur á málaflokknum frá ríki til sveitafélaga átti sér stað þann 1. janúar 2011.
- *Húsnæðið* er 317 fm á einni hæð í verslunar- og iðnaðarumhverfi.
- *Notendur þjónustunnar* eru 22 og fá fjögurra tíma þjónustu alla virka daga.
- *Starfsmenn* eru 14-15 talsins (fer eftir starfshlutföllum hverju sinni) en fjármagn er veitt árlega í 11,5 stöðugildi. Auk þess eru 3-4 stöðugildi í Atvinnu með stuðningi (AMS, sem greitt er af Vinnuálagstofnun). Hlutfall fagmanna (að öllu jöfnu þroskapjálfar) hefur í gegnum árin verið rétt undir helming af starfmannaþópnum.
- Unnið er eftir eftirfarandi *lögum, reglugerðum og sáttmála*:
 - Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, (2 gr.)
 - Sérlægum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum nr. 152/2010.
 - Reglugerð um atvinnuálag fatlaðra, (IV kafli, Hæfing og iðja 8. og 9. gr.)
 - Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 2007.

- *Rekstraraðili* er Hafnarfjarðarbær.
- *Hlutverkið* er að bjóða einstaklingum 18 ára og eldri með fjölþættar stuðningsþarfir upp á þjónustu.
- *Áhersla* er á skipulögð vinnubrögð og þroskajálfun sem í felst m.a. skynörvun og þjálfun í notkun óhefðbundinna tjáskipti sem leiðir til aukinnar lífsgæða. Einnig er lögð áhersla á að hæfing er ígildi vinnu og/eða náms (sem útskýrist hér síðar).
- *Meginstefnan* er að efla möguleika þjónustunotenda til þess að þróa hæfileika sína og styrki sem leiðir til virkari þátttöku í eigin lífi og þar með samfélaginu. Um er að ræða tvo þjónustuhluta og er meginstefnunni framfylgt í yfirmarkmiðum þeirra. Þeir eru grunnþjálfun og tjáskiptaþjálfun.
- *Starfshættir* eru skýrir og skipulögð vinnubrögð í hávegum höfð. Unnið er eftir ýmsum áætlunum og nálgunarleiðum s.s.:
 - *Rekstraráætlunin* sem fyrst ber að nefna enda byggist starfsemin á henni.
 - *Starfsáætlun* hefur verið frá upphafi fyrir hverja önn en nú undanfarið árlega og er hún hnitmiðuð og skýr. Hún bæði stýrir og lýsir starfseminni vel. Þar koma fram öll þau verkefni sem liggja ljós fyrir á árinu. Þau eru öll tímasett og ábyrgð starfsmanna er skilgreind. Einnig kemur fram hvernig skal mæla árangur, hvort verkefni voru framkvæmd að fullu eða ekki og þá einnig gæðin. Verkefni eru í sjálfu sér leiðirnar að yfirmarkmiðum þjónustuhlutanna tveggja. Skil á starfsáætlun er á sameiginlegum vettvangi innan Hafnarfjarðarbæjar og er þá kynnt stöðumat að hausti en endurmat í lok ár. Hagnýtt gildi slíkrar áætlunar er mjög skýrt í mínum huga þar sem hún heldur t.d. utan

um alla þætti starfsins sem eru fjórir. Fyrst er að nefna aðalþáttinn þ.e. faglega þáttinn, þann sem snýr beint að þjónustunotendum. Annar þátturinn er sá rekstrarlegi, þriðji starfsmannahald og fjórði þátturinn snýr að ytri samskiptum.

- *Heildaráætlun* er skýr og hefur svo verið frá upphafi starfseminnar en hún heldur eingöngu utan um faglega þáttinn. Hún hefur margþætt gildi s.s. að vera leiðarvísir að því hvernig hægt er og ekki síður, hvernig vinna skal með einstaklingsmiðaða nálgun í huga. Í henni koma fram kjarnar og þættir sem skýra áhersluþættina í þroskajálfuninni og þar með í þjálfunaráætlun hvers þjónustunotanda. Heildaráætlunin er samefnari fyrir allt skipulag gagnvart þjónustunotendum og er því einskonar regnhlíf yfir faglega þáttinn.
- *Þjálfunaráætlanir eða einstaklingsáætlanir* eru settar upp af þroskajálfum eða öðrum fagmönnum, einu sinni til tvisvar á ári, fer eftir formi markmiða. Útilokað er að þjónusta fjölda fólks með fjölþættar stuðningsþarfir svo vel takist til, án þess að styðjast við gott skipulag og áætlanir. Gjarnan er talað um að þjálfunaráætlanir séu barns síns tíma og að fullorðið fatlað fólk vilji ekki „vera í þjálfun“ eða „láta þjálfu sig.“ Ég sem þroskajálfi hef ekki fundið neitt annað sem gæti komið í stað þeirra og læt því þessi orð sem vind um eyru þjóta. Þar fyrir utan tjá þjónustunotendur sig um að þeir vilji hafa þjálfunaráætlanir og taka þátt í uppsetningu þeirra, þó með mismikilli virkni.

Gera þarf þó greinamun á hæfingarstöð eða heimili fólks hvað þetta varðar.

- *Nálgunarleiðir eða aðferðir* til þjálfunar og örvunar er fyrirferðamesti hluti starfsháttanna enda nokkrar leiðir notaðar þar sem notendahópurinn er stór. Ekki er hægt að gera þeim skil hér nema að litlu leyti.

HUGMYNDAFRÆÐIN

Þau gildi og hugmyndafræði sem stuðst er við og liggja til grundvallar í starfinu eru þau lög og reglugerðir sem nefnd voru hér að framan og einnig í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra frá árinu 2012. Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er gott að vísa í við margar aðstæður og þá sérstaklega þegar rætt er um fjárveitingar. Það er nokkuð ljóst að mikið vantar uppá að hann sé virtur og því miður ekki enn komin með fullgildingunni hér á landi.

Wolf Wolfensberger alkunna fræðimanninn sjálfan þarf vart að kynna hér í þessu tímariti. Hann fjallaði mikið um „gildisaukandi félagslegt hlutverk“ eða „*Social Role Valorization*“ (Wolf Wolfensberger 1998). Hann benti einnig á að „safna ekki saman einsleitum hóp eða hópum“. Ég er að mörgu leiti sammála Wolfensberger hvað þetta varðar en þó ekki öllu þar sem möguleiki á sérhæfingu er minni þegar um „misleitan hóp“ er að ræða. Staðreyndin er sú að þjónustunotendur í Hæfingarstöðinni er „einsleitur hópur“ þrátt fyrir mikla breidd innbyrðis. Í aðdraganda opunar á Hæfingarstöð í Fannborg árið 1999 kom ég því til leiðar að gera breytingar á notandahópnum í Hæfingarstöðinni að Bæjarhrauni. Breytingarnar voru gerðar þannig að hluti af notendum fóru í Hæfingarstöðina í Fannborg. Það var um þær mundir sem margir heimilismenn

á barnaeildum „gamla Kópavogshælis“ fluttu á ný heimili í Hafnarfirði og Garðabæ. Úr varð að þeir fengu þjónustu í Hæfingarstöðinni að Bæjarhrauni. Þannig var hægt að leggja áherslu á vel skipulagða og sérhæfða þjálfun fyrir fólk með fjölbættar stuðningsþarfir. Vil ég fullyrða að þessi sérhæfing hefur sannað ágæti sitt.

Það er löngu viðurkennt það sem Wolfensberger lagði fyrst og fremst áherslu á þ.e. að allir einstaklingar eiga rétt á merkingarbæru og innihaldsríku lífi sem hefur daglega, vikulega og mánaðarlega rútinu. Allir eru sammála því að það sé mikilvægt fyrir alla, sama hver stuðningsþörfin er. Í samræmi við þær áherslur er lítið á þjálfunina í Hæfingarstöðinni Bæjarhrauni sem ígildi vinnu og/eða náms. Segja má að um „ævinám“ sé að ræða, sem er verðug umræða og kallar á önnur greinarskrif. Það er afar mikilvægt þrátt fyrir að ekki sé um launaða vinnu að ræða að útskýra fyrir þjónustunotendum, að það sé -vinna- að vera í skipulagðri þjálfun t.d. þjálfun sem miðar að því „að getað tjáð sig meira í dag en í gær.“ Þjónustunotendur eru ekki í vinnu eða hæfingu til að undirbúa sig fyrir það að komast á almennan vinnmarkað (samtakvæmt reglugerð) og lítum við svo á að ekki sé hægt að byggja upp jákvæða og sterka sjálfsmynd ef hún er byggð á röngum forsendum. Veruleikinn er sá að sem stendur, eru möguleikar fyrir einstaklinga með mikla stuðningsþörf að fá starfs- eða atvinnutækifæri ekki miklir. Vissulega er það réttur allra að hafa vinnu en við í Hæfingarstöðinni að Bæjarhrauni lítum svo á, að fá tækifæri til þess að geta tjáð sig er ekki síður mikilvægur réttur og í raun einn sá mikilvægasti í lífi hvers og eins. Að geta tjáð sig, leiðir til virkari þátttöku í eigin lífi og þar með samfélaginu og er um leið valdeflandi. Tækifærin

verða fleiri og lífið þar með innihaldsríkara. Samkvæmt þessu erum við að „skáskjóta“ okkur aðeins í hugmyndafræði Wolfensberger þrátt fyrir ágæti hennar. Við notum það sem hentar okkur ef svo má að orði komast! Sú umræða að hæfingarstöðvarnar í landinu ættu jafnvel að tilheyra Vinnuálastofnun ríkisins fer vægast sagt fyrir brjóstið á mér. Það á alls ekki við allar hæfingarstöðvar og allra síst þá sem hér um ræðir. Að vera virkur í þjálfun er vinna út af fyrir sig.

GRUNNÞJÁLFUN OG TJÁSKIPTAÞJÁLFUN

Eins og fyrr greinir eru þjónustunotendur tuttugu og tveir talsins. Þeir eru í þjónustu alla virka daga, fjóra tíma í senn og eru fyrir eða eftir hádegi. Þjónustuhlutarnir eru tveir, grunnþjálfun og tjáskiptaþjálfun sem fá nánari umfjöllun hér á eftir. Það er ekki mikil samnýting á milli þjónustuhlutanna í föstum þjálfunar - stundum þar sem áherslur og þar með þjálfunargögnin eru ólík en gott flæði er þar á milli.

Dagskipulag er fyrir hvern og einn þjónustunotanda upp á vegg sem markast af þjálfunaráherslum. Í grunnþjálfuninni eru notaðar myndir eða hlutir í stað texta, gjarnan nefnt hlutatöflur. Í tjáskipta þjálfuninni er notuð Blisstákn sem verða útskýrð lauslega síðar. Þetta veitir góða yfirsýn fyrir alla og gerir þar með vinnuna augljósari, bæði fyrir þjónustunotendur og starfsmenn. *Myndir 2 og 3.*

Eins og fyrr greinir er fyrst og fremst lögð áhersla á að auka tjáningu og mikilvægi hennar til aukinna lífs-gæða og þar með valdeflingar. Áður en lengra er haldið vil ég útskýra hvernig hægt er að skipta formum tjáskiptanna niður í fjóra flokka. Þeir eru eftirfarandi:

- Hefðbundin og skipulögð tjáskipti = hefðbundið talmál

- Hefðbundin og óskipulögð tjáskipti = talmál með takmörkuðum málskilningi
- Óhefðbundin og skipulögð tjáskipti = Blisstáknmálið og önnur táknkerfi s.s. íslenska táknmálið
- Óhefðbundin og óskipulögð tjáskipti = augnhreyfingar, andardráttur, bendingar, ýmiskonar svipbrigði o.þ.h.

Enginn þjónustunotandi notar hefðbundið talmál en nokkrir nota eitt og eitt orð og hljóð sem eru mjög skýr. Auðvitað er ýtt undir að þau séu notuð og þannig viðhaldið ásamt því að bæta við nýjum í öllum daglegum aðstæðum s.s. nöfnum nýrra starfsmanna en ekki er um að ræða skipulagðar þjálfunarstundir.

Einn þjónustunotandi er mjög tónelskur og syngur mikið af íslenskum textum og hefur gert frá barnæsku en hefur takmarkaðan málskilning. Tjáskiptaþjálfunin hjá honum miðar að því að yfirfæra orðin í textunum yfir í umhverfið og gera þau merk-ingarbær og þar með skiljanlegri. Stuðst er mikið við tónlist (bæði söng og af CD diskum), myndir, spjaldtölvu og endurtekningar. Í þessum þjálfunarstundum er notast við Teacch skipulagið. Tónelski þjónustunotandinn getur því notið tónlistar um leið og tjáskiptaþjálfun

fer fram og hentar það honum mjög vel.

Sex þjónustunotendur eru í Bliss tjáskiptaþjálfun og nota nú þegar Blisstákn af myndarbrag, þó mismikið.

Fimmtán þjónustunotendur nota óhefðbundin og óskipulögð tjáskipti. Þeir eru allir í grunnþjálfuninni en þar eru notaðar margar aðferðir eða nálgunarleiðir til að örva þjónustunotendur til frekari tengsla og tjáskipta.

Loks höfum við náð því marki að einn þjónustunotandi vinnur með einum starfsmanni og eru um að ræða tveggja vikna lotur þ.e. skipt er um starfsmann v.s. þjónustunotanda þannig að allir ná að vinna með öllum og þar með kynnast öllum vel. Á þetta við bæði í þjálfunarstundum og í daglegum athöfnum. Öll nálgun hjá starfsmönnum er til fyrirmyndar og þar með viðhorfin. Allir starfsmenn vinna sem einn að því að ná góðum tengslum. Engin athöfn er gerð án útskýringa og samráðs við þjónustunotandann og má sjá stöðuga aukningu í tengslamyndun og tjáningu. Forsendurnar eru þær að „einn vinnur með einum“ og eru þjónustustundirnar fjórar nýttur vel, bæði í skipulögðum þjálfunarstundum og öðrum athöfnum. Það


eru þó ekki gerðar stöðugar kröfur um frammistöðu og virkni. Í nuddaðstöðunni og Snoezelen herbergjunum sem eru tvö þ.e. hvítt og svart er möguleiki á góðri slökun. *Mynd 4.*

Í **grunnþjálfun** er yfirmarkmiðið, að auka enn frekar hæfni þjónustunotenda í hugsun, skynjun, hreyfingu og frumboðskiptum með viðeigandi þjálfunar- og örvunargögnum. Leiðin að yfirmarkmiðinu er að hafa gott skipulag og styðjast við nálgunarleiðir sem nýtast hópnum. Þær eru nokkrar enda stór hópur og eru bæði af nýjum og gömlum toga. Flestar nálgunarleiðirnar hafa með skynörvun og boðskipti eða tjáningu að gera. Staðreyndin er sú að ekkert er nýtt undir sólinni hvað þessi mál varðar, þær nýrri byggja á þeim eldri. Þar sem þær birtast í þjálfunaráætlunum og þar með dagskipulagi hvers þjónustunotanda (líkt og námsefnið birtist í stundaskrá í skóla) hjálpa þær til við að lýsa því hvað vinnudagurinn ber í skauti sér.

Fröhlich & Haupt (1984) má trúlega fullyrða að séu með fyrstu fræðimönnum á þessu sviði í heiminum þ.e. þjálfun og örvun fyrir fólk með fjölþættar stuðningsþarfir. Þeirra samstarf hófst í kringum 1974 í Þýskalandi. Andreas Fröhlich kom til Íslands um 1984 og hélt viku nám-



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4

skeið og voru Íslendingar fljótir að tileinka sér þeirra fræði.

Lilli Nielsen (1983) nálgunarleiðin hefur verið notuð víða um heim og kom Lilli einnig til Íslands og hélt fjölmennt viku námskeið þar sem margir þroskaþjálfar voru saman komnir. Hennar nálgunarleið hefur einnig með skynörvun og boðskipti eða tjáningu að gera. Stendur aðferðin algjörlega fyrir sínu þó hún sé komin til ára sinna. Í grunnþjálfuninni var horft til þessara fyrrgreindu hugsuða strax í upphafi sem höfðu mótandi áhrif á starfseminu með viðeigandi örvunargögnum og -tækjum.

Í *Dronninglund í Danmörku* er þekkingarmiðstöð sem hefur m.a. það hlutverk að mennta fólk sem vinnur með þessum hópi fatlaðs fólks. Þangað fóru tveir þroskaþjálfar frá Hæfingarstöðinni árið 1996 á nokkra vikna námskeið og komu heim með margar góðar hugmyndir sem settar voru í framkvæmd. Segja má að það sem á eftir kom byggir á þessum grunnstöðum þ.e. Fröhlich & Haupt og Lilli Nielsen.

Snoezel eða *Snoezelen* er hollensk skynörvunarleið þar sem lögð er fyrst og fremst áhersla á vel skipulagt skynörvunarumhverfi. Þjónustunotandinn upplifir á sínum

forsendum og kallar þessi skynörvunarleið raun ekki á mikið annað en að starfsmaður sé til staðar þar sem engin krafa er um frammistöðu, aðeins að upplifa og um leið slaka á í notalegu en um leið örvandi umhverfi. Aðaláherslan er því á umhverfið þ.e. rýmið, húsgögnin, ljósgjafa sem og hljóðgjafa svo eitthvað sé nefnt. *Myndir 5, 6 og 7.*

Hagnýtt gildi aðferðarinnar er ótvírátt og skulu hér nefnd nokkur dæmi:

- Veitir fjölþætta skynjunar upplifun
- Skapar rólegt og afslappandi umhverfi
- Veitir möguleika á tengslum, hlýju og nærveru
- Skynáreiti sem örvar og styrkir taugakerfið
- Getur minnkað sjálfsörvandi hegðun
- Einbeiting getur aukist
- Vekur áhuga
- Dregur úr spennu

Hægt er að segja að hún gangi út á að vera „aktivur og passivur“ sama augnablikið (Gerda Andersen, Helene Flendt 1994). *Mynd 8 og 9.*

Intensive Interaction (Melanie Nind, Dave Hewett 1994) er nálgunarleið sem við höfum nýverið kynnt okkur en aðferðin hefur með óhefðbundna og óskipulagða tjáningu að gera þ.e. tjáning með andardrætti,


hljóðum, augnhreyfingum, líkams-hreyfingum ofl. Hún er að mörgu leiti andstæðan við Snoezel eða Snoezelen þar sem hún kallar ekki á nein þjálfunargögn s.s. sérvalin húsgögn, tæki, ýmsa ljós- og hljóðgjafa og annan tæknibúnað. Það þarf ekki annað en starfsmanninn sjálfan. Hann er tækið og verkfærið eða öllu heldur tileinkun hans á nálgunarleiðinni og vilja hans til að ná góðum tengslum, vera í mikilli nánd og nálgast þjónustunotandann á hans forsendum. Þessi nálgunarleið skilgreinir einnig vel hver eru grundvallaratriði samskipta eða tjáskipta þ.e.

- Að njóta þess að vera með annarri manneskju
- Að þróa getu til að „mæta“ annarri manneskju
- Að halda einbeitingu og athygli með annarrar manneskju
- Að gera röð athafna með annarri manneskju
- Að skiptast á hegðun (herma eftir) við aðra manneskju
- Að deila takmörkuðu rými með annarri manneskju
- Að nota og skilja augnsamband
- Að nota og skilja svipbrigði
- Að nota og skilja líkamlega snertingu
- Að nota og skilja óyrta hegðun

Fleiri nálgunarleiðir eru notaðar en eins og fyrr greinir með mismikilli



Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7

áherslu. Má þar nefna Líkamsvitund-Tengsl-Boðskipti eða LTB (Knill, 1983), Teacch (<http://teacch.com/trainings>), nudd (þrýstinudd) að ógleymdri tónlistinni. Loks hefur hún fengið gott vægi í dagsskipulagi hvers og eins þjónustunotanda þar sem nýverið var ráðinn tónlistarkennari með áratuga starfsreynslu sem nýtist vel og kunna þjónustunotendur svo sannarlega vel að meta það. Einnig er starfandi upprennandi ung óperusöngkona sem nýtir óspart hæfileika sína. Bæði er um fasta tíma í dagskipulag að ræða en þess á milli fá allir að njóta hæfileika hennar. Það skal tekið fram að hér er hvorki verið að tala um tónlistarkennslu eða tónlistarmeðferð heldur - upplifun á tónlist. *Mynd 10.*

Þessi upptalning á leiðum og aðferðum til að styðjast við í hverri þjálfunarstund og nálgun við þjónustunotendur fyrir utan auðvitað hina venjulegu nánd snúa fyrst og fremst að skynörvun og tjáningu enda aðaláherslan í starfinu eins og fyrr greinir.

Ekki hefur verið rætt um þann mikilvæga hluta sem snýr að hreyfifærni sem er þó stór hluti í dagskipulaginu. Hreyfifærni þjónustunotenda er mismunandi, allt frá því að vera með góða göngufærni til þess til þess að hafa litla sem enga stjórn

á hreyfingum. Hvernig sem hreyfing getan er þarf að leggja mikla áherslu á hana í daglegu starfi bæði til að viðhalda getunni og/eða auka hana.

Postural Management er nálgunarleið og/eða hugmyndafræði sem stuðlar að auknum hreyfiproska og einnig til að koma í veg fyrir afleið vandamál fötlunar. Við höfum fengið innsýn í hana vegna góðs samstarfs við fyrirtaks sjúkráþjálfara sem hefur margra áratuga reynslu í að vinna með fólk með margþættar fatlanir. „Postural Management er stjórnun líkamsstöðu í liggjandi, sitjandi, standandi og gangandi stöðu, ásamt því að nota hjálpartæki eins og hjólastóla, göngu-grindur o.fl. Postural Management vísar til stjórnunar á líkamsstöðu einstaklings og staðfestir að undirstaða færni til athafna er stöðugleiki líkamans og jafnvægi“ (<http://www.researchgate.net/publication>). Eins og fyrr greinir erum við rétt komin með innsýn í þessa hugmyndafræði. Þörf er á frekari fræðslu og samstarfi sem við stefnum á fyrir lok þessa árs. Það er mikilvægt að hafa „leiðarvísir“ eða hugmyndafræði fyrir starfsmenn til að horfa í varðandi hreyfifærni þar sem hún er stór hluti af starfinu.


Í **tjáskiptaþjálfun** er yfirmarkmiðið, að auka enn frekar hæfni þjónustunotenda í félagsfærni,

vitund á eigin lífi og þekkingu á gildi hæfingar (ígildi vinnu) ásamt því að auka notkun á óhefðbundnum tjáskiptum, með viðeigandi tölvutækni og þjálfunarbúnaði. Þar ræður Charles Bliss (1897-1985) ríkjum. Hann er höfundur Blisstáknmálsins sem þekkt er um allan heim og er notað af fólk sem ekki hefur vald á hinu hefðbundna talmáli. Ég vildi svo gjarnan geta gert þessum gæða manni góð skil hér en því miður verð ég að sleppa því vegna plássleysis enda efni í heilt tímarit. Gef þó innsýn í hið óhefðbundna tungumál hans.

Blisstáknmálið flokkast undir svo kölluð benditákn innan óhefðbundinna tjáskipta (Augmentative and Alternative Communication) og er því myndrænt. Orð og hugtök eru táknun með mjög rökrænum táknum í stað bókstafa. Um er að ræða 120 lykiltákn („characters“) sem hægt er svo að raða saman á mismunandi vegu til að mynda ný tákn. Þar sem um benditákn er að ræða en ekki hreyfitákn líkt og íslenska táknkerfið þarf eitthvað til hjálpar þ.e. koma táknum fyrir á spjöldum, möppum, bókum eða tæknibúnaði s.s. talvélum eða tölvum með talgervlum hvort sem um er að ræða hefðbundnar borðtölvur, fartölvur eða spjaldtölvur. Lengst til vinstri á myndinni



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10

nr. 11 má sjá Tobii-tölva sem í sjálfu sér er alhliða samskiptatæki þar sem hægt er að stjórna farsíma, heimasíma, tölvupósti o.fl. Einnig er hún umhverfisstjórnunartæki þar sem hægt er m.a. að opna hurðir, loka gluggum, kveikja á sjónvarpi, kveikja loftljós eða þar sem mögulegt er að koma fjarstýringu fyrir. Þessu ásamt ótalmörgu öðru er hægt að stýra með augnhreyfingum. *Mynd 11.*

Sá sem á í samskiptum eða tjáskiptum við „Blissarann“ eins og við gjarnan nefnum þá (með þeirra samþykki) sem nota blisstáknin þarf ekki að þekkja táknin þar sem fyrir ofan hvert tákn er ritað fyrir hvað það stendur. Í dag eru yfir 5000 tákn sem hafa verið samþykkt af alþjóðanefnd BIC (Bliss International Communication) en voru um 500 í upphafi, þegar þau voru fyrst opinberuð af Hr. Bliss sjálfum. Til gamans má nefna hér að fyrir á þessu ári fórum við þrír fagmenn á alþjóðlegan vinnufund til Uppsala í Svíþjóð þar sem við gátum haft áhrif á „sköpun“ nýrra Blisstákna“ og var það í meira lagi skemmtilegt.

Blisstáknin eru mjög kerfisbundin og mun auðveldara að tileinka sér en marga grunar. Mikilvægt er eins og í öllu að byrja á því einfaldasta, læra eitt og eitt tákn og bæta svo við þekkingu og notkun smá saman


líkt og í hefðbundnu talmáli og öðru sem við lærum. Hægt er að nota Blisstáknin á öllum stigum tjáskipta, allt frá einstökum táknum til setninga sem eru langar og málfræðileg mjög flóknar (<http://www.blissymbolics.org>). Þess vegna vil ég meina að þetta táknmál sé hið eina sanna og „breiði ég út boðskapinn“ þannig alveg óhikað! Ekki er um barnamiðaðar myndir að ræða og fylgja því inn í fullorðinsárin sem „fullorðins.“ Tek það þó fram að ég tala ekki niður hin táknkerfin, enda ekki ástæða til. Þau skila sínu eins og Blisstáknin ef umhverfið styður við notkun þeirra. Vissulega byggist öll þessi vinna og þjálfun á umhverfinu hvort sem um er að ræða heima eða að heiman en mikilvægt er að muna að starfsfólkið er stærsti og mikilvægasti hluti umhverfisins. *Mynd 12.*

Hér að neðan er dæmi um setningu frá „Blissara“ sem hefur gott vald á Blisstáknkerfinu en er þó ekki að nýta það að fullu þ.e. með málfræðireglum s.s. tíðum, föllum, beygingum og greini. Hann raðar ekki heldur táknum/orðum eins og í talmáli enda byggjast táknkerfið á merkingarfræði en ekki hljóðfræði. Þrátt fyrir þetta kemur hann öllu til skila. Það er alltaf spurning hvort eigi að eyða miklum tíma í að þjálf þann hluta þ.e. að raða táknumum eins og í talmáli þar sem það hefur

gjarnan komið niður á tjáningunni sjálfri. Setningin er sögð í nokkurri geðshræringu í byrjun janúar s.l. og er valin að handahófi! *Mynd 13.*

Þar sem bendifærni í fingrum og þar með hreyfifærni er takmörkuð hjá „Blissurunum“ nota þeir við-eigandi rofabúnað til þess að stýra tölvunum. Í upphafi starfseminnar var mikið um sérhannaðan rofabúnað þar sem slíkur búnaður var ekki framleiddur í sama mæli og í dag. Í flestum tilfellum þurfti að leita út fyrir landsteinana til að finna réttu tæknina. Fyrsti sérhæfði rofabúnaðurinn sem var hannaður er fótrofi, þar sem einn þjónustunotendanna stýrði vel öðrum fæti. Að nota augn- og höfuðstýribúnað leysir hreyfifærnivandann og hafa þjónustunotendur notað nokkrar gerðir. Á þessum tíma hefur þróunin verið ótrúleg en ég læt myndirnar tala sínu máli. *Myndir 14 og 15.*


Stöðug þróun og framför hefur einkennt starfsemina frá upphafi. Þar á ég ekki við bara þá sem snýr að tækninni í rofabúnaðinum og tölvunum heldur einnig í forritum og „öppum“ (sem hafa verið hönnuð í Hæfingarstöðinni). Við höfum alltaf verið með „puttann á púlsinum“. Árið 2000 kom á markað íslenskt forrit sem byggist á Blisstáknunum og heitir Blyssberinn. Það voru tveir for-



Mynd 11



Mynd 12



Mynd 13

ritarar sem unnu það í samvinnu við Blissbankann á Íslandi (Greiningarstöð Ríkisins) o.fl. Annar þeirra kom til vinnu í nokkrar vikur í Hæfingarstöðina til þess að kynna þörfum þjónustunotendanna. Það var sama ár og allir í Blissþjálfuninni fengur sínar fartölvur og segja má að þá hafi hlutirnir farið að gerast fyrir alvöru. Mikilvægasta framförin er þó auðvitað hjá þjónustunotendum. *Mynd 16.*

Mestur hluti dagsins hjá „Blissur-unum“ fer í að vinna og tjá sig með fartölvum með mismunandi forritum. Fyrst skal nefna *Tobii Communicator* sem er stærsta tjáskiptaforritið en segja má að það hafi tekið við af Blysberanum. Einnig er forritið *TalkingTiles* notað. Þeir sem geta stjórnað spjaldtölvum m.t.t. hreyfifærni eru með sínar spjaldtölvur. Við innlögn á nýjum táknum er öll augnablik og aðstæður í daglegu starfi notaðar. Uppbygging tákanna er útskýrð, hvers vegna þau líta svona út en ekki hinsegin, þau sett upp í ýmsum aðstæðum og unnið með þau á ýmsan máta, bæði í tölvum og í öðrum formum. Eins og fyrr greinir eru öll tækifæri gripin í daglegum samskiptum, bæði skipulega og óskipulega og skiptir þá endurtekningin miklu máli. Mikið er stuðst við netið og hefur notkun á samfélagsmiðlum aukist til muna og þar með hafa samskipti

þjónustunotenda við ættingja og vini stóraukist. Þessu fylgir mikill drifkraftur og er þá bæði verið að vinna og hafa gaman. Ekki er unnt að útskýra frekar hvernig innlögnin fer fram þar sem hún er svo margþætt og yrði því of umfangsmikið hér.

Eins og fyrr greinir eru þjónustunotendur í tjáskiptaþjálfuninni sex talsins. Fimm fá fjögurra tíma þjónustu á dag. Einn fær aðeins klukkustund á dag en hann kemur til með að útskrifast með „spjaldtölvu undir hendinni,“ þrátt fyrir að hafa ekki verið lengi í Hæfingarstöðinni. Með góðri samvinnu við heimili hans, kemur hann til með að geta tjáð sig með „blisstákna-spjaldtölvu“ hvar og hvenær sem er. Standa þarf faglega að því að aðstoða hann við yfirfærsluna á þekkingunni þ.e. frá Hæfingarstöðinni í aðrar aðstæður og umhverfi. Óhætt er að segja að það gjörbyltir lífinu að getað tjáð sig.

LOKAORÐ OG FRAMTÍÐARSÝN


Eins og fram hefur komið er ég stolt af þroskaþjálfastarfi mínu. Ég er sannfærð um að ekki er til skemmtilegra starf en er þó ekki alveg dómbær, þar sem ég hef ekki starfað við annað! Hver vinnudagur er skemmtilegur og ótal margt sem þarf að gera, betur í dag en í gær. Margar hugmyndir eru í farvatninu sem þarf að vinna úr. Allar

miðast þær við að auka tjáningu hjá þjónustunotendum og helst fleiri en nú eru.

Sú umræða að hæfingarstöðvar á landinu fari yfir til Vinnuálagstofnunar fellur ekki í góðan jarðveg hjá mér eins og fyrr greinir. Ekki er hægt að setja þær allar undir sama hatt enda mismunandi eins og þær eru margar. Mér finnst þó vera tími til kominn að endurskoða ýmislegt hvað þær varða. Fyrir það fyrsta þarf að finna annað hugtak fyrir hæfingarstöðvar sem kallar sennilega á nýja reglugerð. Einnig þarf að fjölga þeim svo um munar, jafnvel tvær til þrjár í Hafnarfirði og opna nýjar í nærliggjandi sveitarfélögum s.s. Garðabæ. Gott samstarf þarf að vera á milli þeirra þannig að t.d. Garðabæingar geta sótt hæfingarstöð í Hafnarfirði og Hafnarfirðingar geta sótt hæfingarstöð í Garðabæ. Hlutverk þeirra og áherslur þurfa að vera mismunandi og um leið sérhæfing. Sem dæmi má nefna tjáskiptaþjálfun á einni, skynörvun, tónlist, hreyfing, verkefna vinna og sköpun á öðrum. Með þessu móti þróast sérþekkingin. Hver og einn þjónustunotandi hefur sína „heimastöð“ en getur farið á milli eins og hentar hverjum og einum. Þeir sem eiga erfitt með breytingar geta haft val um hvort þeir vilja fara á milli eða ekki. Vil ég taka það fram að þetta er mín persónulega framtíðarsýn og



Mynd 14



Mynd 15



Mynd 16

á ég eftir að koma henni formlega áleiðis. Ás styrktarfélag hefur tekið upp slíkt skipulag og samkvæmt upplýsingum lofar þetta fyrirkomulag góðu. Útboð akstursþjónustunnar þarf að miðast við að fastir bílar og þar með bílstjórar sinni eingöngu þessum hæfingarstöðvum til að auðvelda ferðir á milli. Hlutfall þroskaþjálfna þarf að vera að minnsta kosti helmingur af starfsmanna- hópnum þar sem sérþekking okkar þroskaþjálfna er ótvíræð og þarf að nýtast allstaðar. Vissulega kostar þetta aukið fjármagn en það er orðið löngu tímabært að veita meira í þessa þjónustu. Læt ég þetta verða mín lokaorð.

Með kærri félags- og afmælistkveðju.

Heimildaskrá

Blissymbolics Communication International (2015) *Avout Blissymbolics*. Skoðað 15. feb. 2015 á <http://www.blissymbolics.org>

Fröhlich & Haupt (1984). *Örvun ofurfatlaðra barna*. Reykjavík: Safamýraskóli

Gerda Andersen, Helene Flendt (1994) *Snoezelen som redskab til et bedre liv?* Silkeborg: Solbo

Guðný Jónsdóttir. *Postural Managment, getum við gert betur*. Skoðað 15. feb. 2015 á http://www.researchgate.net/publication/27388023_Posture_management_getum_vi_gert_betur

Lilli Nielsen (1983). *Mens vi venter*. Kaupmannhöfn: Gyldendal

Marianne og Christopher Knill (1983) *Æfingarkerfin: Líkamsvitund, tengsl, boðskipti*. Reykjavík. Námsgagnastofnun

Melanie Nind, Dave Hewett (1994) *Access to Communication*. Oxon: David Fulton Publich publishers

Uns School of Medicine (2014) *TEACCH Autism Program*. Skoðað 15. feb. 2015 á <http://teacch.com/trainings>

Wolf Wolfensberger (1998) *A Brief Introduction to Social Role Valorization*. New York. Syracuse University.

MÁLÞING

ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS 2016

Föstudaginn 29. janúar frá kl. 8:30 til 17:00

Málþingið sem ber heitið „Ofbeldi í starfi“, verður haldið á Grand Hótel og er ætlað að taka á þeim þáttum í störfum okkar er snúa að ofbeldi sem starfsmenn geta orðið fyrir.

Fyrirlesarar verða meðal annarra:

Arne Friðrik Karlsson, þroskaþjálfari.

Kolbrún Ósk Albertsdóttir, þroskaþjálfari.

Soffía Lárusdóttir, þroskaþjálfari.

Guðmundur Sævar Sævarsson, réttarhjúkrunarfræðingur.

Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur.

Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BHM.

Allir eru hvattir til að mæta og taka þátt í fræðandi málþingi um mjög þarft umræðuefni, þar sem farið er m.a yfir það hvað er ofbeldi? Hver er réttur starfsmanna? Hvaða leiðir höfum við að úrbótum?



SIÐAREGLUR ÞROSKAÞJÁLFA

1. GREIN

Proskapjálfi beitir fagþekkingu sinni í því skyni að bæta lífsgæði og lífsgæði skjólstæðinga sinna. Virðing og umhyggja fyrir skjólstæðingum og aðstandendum þeirra skal vera grunnur í starfi þroskaþjálfara.

2. GREIN

Proskapjálfi skal ávallt standa vörð um réttindi skjólstæðinga sinna. Hann skal rækja starf sitt af samviskusemi, óháð þjóðerni, kynþætti, trúarbrögðum, litarhætti, kynferði og þroskastigi skjólstæðingsins. Proskapjálfi skal bera virðingu fyrir lífaldri skjólstæðingsins, einkalífi hans og eignum.

3. GREIN

Proskapjálfi er bundinn þagnarskyldu varðandi upplýsingar um skjólstæðinga, hvaða formi sem þær eru skráðar. Þær skulu geymdar þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Séu persónulegar upplýsingar um skjólstæðing notaðar sem fræðsluefni skal fá til þess leyfi frá skjólstæðingi og/eða aðstandendum hans og skal þá nafnleyndar gætt sé þess óskað.

4. GREIN

Proskapjálfi skal einungis taka að sér starf eða ráðgjöf sem hæfir menntun hans. Hann skal leitast við að veita þjónustu samkvæmt ströngustu faglegum kröfum. Proskapjálfa ber skylda til að viðhalda þekkingu sinni.

5. GREIN

Proskapjálfi skal jafnan sýna drengskap í samskiptum við starfsfélaga. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á starfi þroskaþjálfara eða skert hagsmuni stéttarinnar.

6. GREIN

Proskapjálfi skal leita aðstoðar annarra sérfræðinga ef þörf er á. Hann skal virða sérþekkingu annarra faghópa og nota sérþekkingu sína til að ráðleggja öðrum.

7. GREIN

Proskapjálfi skal gæta þess að starfsákvæði séu í samræmi við samninga og samþykktir viðurkenndar af Þroskaþjálfafélagi Íslands.

8. GREIN

Proskapjálfi skal kynna sér og starfa eftir þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni um málefni fatlaðra og þroskaþjálfastéttina sjálfa, svo og eftir öðrum þeim lögum og reglugerðum sem varða starf hans.

9. GREIN

Verði þroskaþjálfi þess var að starfsfélagi hans hafi brotið siðareglur ber honum að ræða brotið við viðkomandi. Sé það árangurslaust ber að tilkynna brotið til siðanefndar Þroskaþjálfafélags Íslands.

10. GREIN

Siðareglur þessar ber ekki að skoða sem tæmandi lýsingu á góðum starfsháttum þroskaþjálfara.

VINNA OG VIRKNI HJÁ ÁSI STYRKARFÉLAGI

Höfundar: Halldóra Kolka B. Ísberg og Þórhildur Garðarsdóttir

Halldóra Kolka B. Ísberg og Þórhildur Garðarsdóttir eru starfandi þroskaþjálfar hjá Ási styrktarfélagi. Halldóra hefur starfað á Lyngási síðastliðin þrjú ár og þar á undan í fjögur ár á Ási vinnustofu. Þórhildur hefur starfað á skrifstofu félagsins undanfarið ár og var þar á undan í 20 ár í Bjarkarási.

Fjallað verður um verkefnið Vinna og virkni, hver tilgangur þess er, hvernig því er háttað og hvernig hefur gengið. Að lokum verður horft til framtíðar.

RAUNVERULEGT VAL

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskipulagningu á dagþjónustu og vinnu hjá Ási styrktarfélagi. Ýmsar ástæður voru fyrir að lagt var upp í þessa vinnu, en hún var unnin eftir viðurkenndu skipulagi í verkefnastjórnun sem kallast lífsferill verkefna. Nýtt fyrirkomulag vinnu og virkni er að taka á sig mynd um þessar mundir. Umsjón með breytingaferlinu hefur að mestu leiti verið hjá framkvæmdastjóra Áss styrktarfélags ásamt stjórnendum vinnustaðanna, en þeir síðarnefndu eru allir þroskaþjálfar að mennt. Stjórn Áss styrktarfélags tók ákvörðun um að fara í þetta verkefni.

SAGAN

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að skoða þetta ferli í ljósi sögunnar. Um miðja síðustu öld áttu foreldrar barna með þroskahömlun fáa valkosti varðandi þjónustu. Annað hvort þurftu þeir að setja börn sín á sólarhringsstofnun eða annað foreldrið (oftast móðirin) var heima til að annast barnið. Ekki hugnaðist öllum þetta og vildi fólk sjá fleiri valmöguleika. Árið 1958 tóku nokkrir foreldrar sig saman og stofnuðu Styrktarfélag vangefinna sem síðar var breytt í Ás styrktarfélag. Þeir hófu þegar fjársöfnun til að byggja dagheimilið Lyngás sem opnaði 1961. Þar með gátu börnin búið áfram í foreldrahúsum eins og systkini sín en samt notið sérhæfðar þjónustu vegna fötlunar sinnar. Börnin á Lyngási eltust og var þá Bjarkarás byggður 1971 og tíu árum síðar Lækjarás. Ás vinnustofa hóf störf sama ár í kjallara Lækjaráss. Eftir þetta hafa tveir dagþjónustaðir bæst við í Reykjavík, Iðjuberg og Gylfaflöt. Dagþjónusta fólks með þroskahömlun hefur því lítið breyst frá 1961, þróunin hefur aðallega einkennst af byggingu nýrra húsa á um það bil tíu ára fresti og sérþjónustu.

Þótti þessi þjónusta einkennast af stöðnun og varð krafan um breytingar því æ háværi þegar leið á

fyrsta tug 21. aldarinnar. Þjónustunotendur voru margir ósáttir við takmarkað val í dagþjónustu og vinnu eftir að fullorðinsárum var náð. Stærsti hluti þeirra sem voru í þjónustu eða vinnu á Lyngási, Bjarkarási, Lækjarási og Ási áttu ekki kost á vinnu á vinnustöðum fatlaðra eða í atvinnu með stuðningi á vinnumarkaði. Lítil hreyfing var því á milli staða. Eftir því sem stuðningsþörf viðkomandi var meiri minnkuðu líkurnar á að þeir fengju tækifæri til að upplifa fleiri en einn vinnu-/dagþjónustustað alla sína ævi. Sumum hefur reynst erfitt að vera alla sína starfsævi á sama stað, oft með sama samstarfsfólkinu sem í einhverjum tilfellum er líka sambylisfólk. Aðstandendur og hagsmunasamtök hafa einnig í auknum mæli kallað eftir breytingum á þessu sviði. Er hægt að auka fjölbreytni og valmöguleika? Er hægt að minnka stofnanabraginn? Er hægt að leggja meiri áherslu á vinnu úti í samfélaginu?

Hugmyndafræði tengd málefnum fatlaðra hefur þróast mikið síðustu áratuginu og með tilkomu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafa línurnar verið lagðar með skýrum hætti. Hjá Ási styrktarfélagi er lögð áhersla á að kynna sér og vinna samkvæmt nýjustu hugmyndafræði og bjóða

aðeins upp á fyrsta flokks þjónustu með hagsmuni þjónustunotandans í forgrunni.

Stefna Áss styrktarfélags miðar að því að öll dagþjónusta sé vinna og hafi gildi sem slík. Þar er gert ráð fyrir því að allir vilji leggja eitthvað af mörkum til samfélgsins í stað þess að vera bara þiggjendur. Það getur ekki talist eðlilegt að flokka fólk alltaf eftir aldri og fötlun, þó þess geti þurft. Hjá Ási styrktarfélagi er vilji til að efla fólk í að velja sér viðfangs-efni og upplifa nýja hluti með ólíku fólki og er reynt að aðlaga vinnuna að starfsmanninum og þörfum hans en ekki öfugt.

BREYTINGAFERLIÐ

Vinnan hófst formlega þann 8. febrúar 2011 með því að skilgreina markmið, ábyrgð, tæknilýsingu og verkþætti verkefnisins. Ákveðið var að gera grundvallarbreytingu á vinnu og dagþjónustu fólks með þroskahömlun og verða fyrirmynd annarra á því sviði.

Breytingaferlið hefur verið flókið og faglega ögrandi. Mikið skipulag þarf til að allt gangi upp en þar nýtist þekking þroskaþjálfans vel. Leitast hefur verið við að hafa alla hlutað-eigandi með í ráðum og var sérlega mikilvægt að fá sjónarhorn og óskir sem flestra strax á fyrstu stigum verkefnisins en það þótti skipta máli svo vel tækist til. Þeir sem komu að verkefninu með einhverju móti voru meðal annarra þjónustunotendur, allir starfsmenn, foreldrar/aðstand- endur, heimilin, stjórn Áss styrktar- félags, Landssamtökin Þroskahjálp, akstursþjónusta, stéttarfélag og sveitarfélag. Segja þurfti upp því ákvæði ráðningarsamninga starfs- fólks sem kveður á um ákveðinn einn vinnustað og endurráða það í Vinnu og virkni hjá Ási styrktar- félagi. Stöður, hlutverk og verkefni yfirmanna breyttust einnig þannig að ekkert starf fór óbreytt í gegnum

þetta ferli. Einnig ber að taka fram að verkefnið kallaði á aukna mönnun og nýjar stöður.

Á vormánuðum 2012 var nýja skipu- lagið prufukeyrnt fyrir hóp 16 fatlaðra starfsmanna sem nefndur var Ís- brjótarnir. Hann skipuðu fjórir starfs- menn frá hverjum vinnustað með ólíkar þarfir ásamt aðstoðarfólki. Þá voru allir þættir skipulagsins prófaðir eins og; hvernig virkar innra skipu- lag hópanna í Vinnu og virkni, stað- setningar og aðgengi, akstur milli staða, upplýsingaleiðir milli allra hlutaðeigandi o.s.frv. Rýnihópur mat þetta með formlegum hætti en hann skipuðu fulltrúar þátttak- enda, foreldra, starfsmanna í Vinnu og virkni og frá heimilum utan Áss styrktarfélags. Þrjú þroskaþjálfar voru í hópnum.

Reynslan sem þarna fékkst var síðan nýtt svo sníða mætti af enn frekari vankanta áður en allir fengu val um að taka þátt. Veturinn 2013-14 var nýtt fyrirkomulag Vinnu og virkni opnað öllum þeim rúmlega 140 manns sem hafa verið í þjónustu eða vinnu hjá félaginu.

Val í Vinnu og virkni er opið fólki sem hefur náð tuttugu ára aldri og hefur þegar verið úthlutað þjónustu/ vinnu hjá Ási styrktarfélagi. Í maí ár hvert velur fólk með rafrænum hætti allt að fimm vinnu- og virkni- tilboð í gegnum heimasíðu Áss styrktarfélags www.styrktarfelag.is. Forstöðumaður Vinnu og virkni vinnur úr umsóknum og úthlutar eftir ákveðnum reglum. Allir eiga sína „heimstöð“ til að auðvelda utan- umhald og samskipti við heimili og tengslastofnanir.

VINNU- OG VIRKNI HÓPURINN ENDURVINNSLA

Halldóra hefur verið umsjónarmaður þriggja tilboða og séð um skipu- lagningu og umsjón fyrsta tilboðsins sem var í boði á Lyngási vorið 2013,

en það bar heitið Endurvinnsla og var einu sinni í viku í átta vikur. Í því tilboði var fræðsla um endurvinnslu heimilisúrgangs, hvernig ætti að flokka rusl og hvert það fer eftir flokkun. Fjöldi þátttakenda voru þrjú auk eins fylgdarmanns sem kom með frá Lækjarási. Eins og gera má ráð fyrir er ýmislegt sem maður rekur sig á við skipulagningu nýrra verkefna og tók það m.a. smá tíma að átta sig á hæfilegri lengd hvers tíma. Fyrsti tíminn var t.a.m. of langur og það námsefni sem var út- búið fyrir tilboðið í heildina kláraðist allt. Einnig var fræðileg umfjöllun of mikil og þurfti að breyta algjörlega uppsetningu tilboðsins eftir fyrsta tímenn. Notað var meira af myndum til útskýringar í stað texta og verkleg vinna innleidd með því að flokka rusl í tímunum. Gengið var saman út í grenndargáma í hverfinu og farið að endurnýta rusl, meðal annars með því að búa til pappamassa. Tilboðið var aðlagað þeim sem sóttu það og hver tími skipulagður með viku fyrirvara með getu og áhuga hvers þátttakanda í huga.

Að þessum átta vikum loknum fylltu allir sem komu að tilboðinu út matsblað þar sem m.a. var lagt mat á hvernig hafi gengið og hvort eitt- hvað mætti laga. Bæði þátttakendur, fylgdarmenn og umsjónarmenn tilboða fylla út slíkt mat og svo er unnið eftir niðurstöðunum við skipu- lagningu næstu tilboða. Á heildina litið voru þátttakendur ánægðir með tilboðið og voru aðal hnökrarnir tengdir tímalengdinni og ferð á milli staða, en oft fór mikill tími í að biða eftir ferðaþjónustunni. Áhugi var á að hafa aftur endurvinnslu í boði auk þess sem að einnig hafði bæst við nýtt tilboð á Lyngási – nudd og slökun.

Við skipulagningu seinna tilboðs í endurvinnslunni var notast við hluta af því efni sem var á fyrra tímabilinu en haft meira af verklegu. Unnið var

með eggjabakka sem voru klipptir til, málaðir og límdir á jólaseríu og varð útkoman falleg blómasería. Auk þess var farið í heimsókn í Sorpu þar sem hópurinn fékk kynningu á flokkun rusls og fylgdist með þegar ruslabílarirnir komu með ruslið á endurvinnslustöðina til frekari endurvinnslu. Skipulag seinna tímabilsins gekk mun betur með hjálp niðurstaðna matsblaðanna auk þess sem umsjónarmaður var orðinn aðeins öruggari og reynslan úr fyrra tilboðinu nýttist vel.

DVERFAGLEGT SAMSTARF

Umsjónarmenn vinnu- og virkniþópanna eru margir með þroskaþjálfamenntun en einnig er þar að finna fólk með aðra menntun og stuðningsfulltrúa. Mikilvægt er að nýta þá fjölbreyttu þekkingu sem er að finna í starfsmannahópnum og hefur fólk verið hvatt til að koma með hugmyndir að vinnu- og virkni-tilboðum. Sem dæmi um hópa sem þannig komu til er jóga, ljósmynda-hópur og endurvinnsluhópar. Þroskaþjálfarnir sem stýra ferlinu lögðu upp ákveðinn ramma að skipulagi og framsetningu hópanna eins og þeir eru kynntir á heimasíðu Áss styrktarfélags þar sem valið fer fram. Hver hópur þarf að skila af sér í lok tímabils með einhverjum hætti. Þroskaþjálfarnir hafa einnig skipulagt ýmsa verkferla sem þarf til að allt gangi, meðal annars um boðleiðir, upplýsingamiðlun og samskipti við akstursþjónustufyrirtæki.

Helstu áskoranir í þessu ferli hafa verið tengdar akstri milli staða. Nýtt skipulag kallar á aukinn akstur og hefur samstarf við bílstjóra Allra-handa verið ómetanlegt. Þeir hafa

keyrt þá sem eru á ferð utan háanna tímans í skólaakstrinum. Akstursþjónustur sveitarfélaganna hafa séð um þann akstur sem Allra-handa annar ekki.

Hjá Ási styrktarfélagi viljum við fylgja nýjustu hugmyndafræði og höfum því lagt áherslu á breytta hugtakanotkun. Í dag tölum við um Vinnu og virkni í stað verndaðrar vinnu, hæfingar eða dagþjónustu. Allir sem taka þátt í þessu eru starfsmenn en þeir gegna mismunandi hlutverkum eins og gengur og gerist á vinnustöðum. Vinnu- og virkniþópanir eru ýmist launaðir eða ólaunaðir, allt eftir eðli starfseminnar sem þar fer fram. Við höfum reynt að halda í það sem var gott en opna það öllum hópnum. Má þar nefna Smiðjuna og gróðurhúsið í Bjarkar-áasi eða vinnuverkefni í Ási. Áður var þetta staðbundið fyrir þá sem voru í Bjarkarási eða Ási, nú geta allir valið að taka þátt og fá þann stuðning sem þarf til.

FRAMTÍÐIN

Mörg ný viðfangsefni hafa bæst við og þeim mun fjölga. Vinna og virkni gengur út á fjölbreytni og endurnýjun á viðfangsefnum. Um tuttugu viðfangsefni eru í boði hverju sinni og er nokkrum skipt út fyrir ný á hverju val tímabili. Þau viðfangsefni sem tekin eru út eru geymd eða hvíld og geta því verið aftur í boði síðar. Þannig er reynt að tryggja sveigjanleika varðandi skipulag og framboð vinnu og virkni og móta starfið að starfsmönnum hverju sinni. Hjá Ási styrktarfélagi er vilji til að leggja aukna áherslu á vinnu og virkni í fjölbreyttu umhverfi og að starfið fari meira fram utan húseigna þess. Í dag eru þrjár hópar að störfum í Fossvogskirkjugarði við endurvinnslu kerta. Einnig hafa hópar farið

í flokkunar- og þökkunarvinnu hjá heilidsölu í Reykjavík. Þá er gaman að geta þess að hópur sjálfboðaliða fer reglulega í vinnu hjá RKÍ og leggur þannig sitt af mörkum til samfélagsþjónustu.

Með þessum breytingum hafa starfsmenn Vinnu og virkni eignast nýtt samstarfsfólk, stærra tengslanet og fengið fleiri tækifæri til félagslegrar þátttöku. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og leita stöðugt leiða til að gera hlutina betur. Allir sem hlut eiga að máli þurfa að vera vakandi fyrir að skapa ný tækifæri í samfélagi sem er í stöðugri mótun.

Eftir því sem meiri reynsla kom á verkefnið Vinna og virkni jókst aðsókn í tilboðin gríðarlega og fleiri tilboð bættust við. Nokkur af tilboðunum sem stóðu til boða í upphafi eru enn í gangi á meðan önnur hafa vikið fyrir nýjum. Með því að notast við matsblöðin fæst ágæt sýn á hvað vekur áhuga og hvað þátttakendur vilja sækja. Reynt er eftir fremsta megni að verða við óskum um ný námskeið, halda þannig fjölbreytileikanum og valinu við og forðast um leið stöðnun með því að bjóða ekki alltaf upp á það sama. Það hefur verið mjög spennandi og gaman að taka þátt í verkefninu Vinna og virkni og sjá þróunina sem hefur átt sér stað á þessum stutta tíma. Heilmikil reynsla hefur fengist á þessum tveimur árum sem verkefnið hefur verið í gangi og eru spennandi tímar framundan með auknum tækifærum til raunverulegs vals.

Áætluð verkefnalok eru í september 2015.

ORLOF...FRÍ... ORLOFSSTAÐURINN G. J. HAFUR

Höfundur: Guðmundur Már Björgvinsson, þroskaþjálfari og tómstundafræðingur

Í þessari grein verður fjallað um orlofsþjónustu við fatlaða einstaklinga. Um mikilvægi þess að njóta þeirra lífsgæða að geta ferðast og tekið sér orlof. Í því samhengi er vert að skoða þau úrræði sem til staðar eru og hvernig þjónusta við fatlaða hefur mótast og þróast í gegnum árin. Þá verður stiklað á stóru um þróun hugmyndafræðinnar sem liggur að baki orlofstengdri starfsemi og þjónustu sem hefur staðið fötluðu fólki til boða undanfarna áratugi. Rétt er að geta þess að undirritaður hefur tekið virkan þátt í starfi með fötluðu fólki um áratuga skeið.


Fjölmennt, félagsmiðstöðvar, dagvistun, íþróttafélög og önnur félög þar sem eldri fatlaðir einstaklingar stunda nám eða frístundir eru starfsrækt um allt land. Hugmyndafræði og markmið að baki starfseminni er mjög áhugaverð og sýnir vel hversu mikilvægt skipulagt nám, frístunda- og félagsstarf er fyrir fatlaða einstaklinga. Gildir þá einu hvort þjónustan er veitt af opinberum aðilum, félagasamtökum eða einkaaðilum. Umfram allt felur sú þjónusta sem veitt er á fyrrgreindum stöðum í sér lífsgæði sem fatlaðir einstaklingar eiga rétt á að njóta.

Staðreyndin er sú að um langt skeið hafa fatlaðir ekki notið sömu

möguleika og aðrir til að njóta orlofs og ferðalaga fjarri sínu heimili. Það stafar af því að þjónusta við hina fötluðu þarf að vera mjög einstaklingsmiðuð, sérhæfing og reynsla starfsfólks er afar mikilvæg.

Sérhæfð orlofsþjónusta eða ferðamennska fyrir fatlaða einstaklinga hefur einnig þróast hægt og verið frekar einsleit hingað til. Ýmsir hagsmunaaðilar fatlaðra m.a. Rauði kross Íslands, íþróttahreyfingin og einkaaðilar hafa staðið að baki framþróun á þessu sviði síðustu ár. Sú orlofsstarfsemi sem hefur verið starfrækt og rekin undanfarna tvo áratugi hefur einkum tengst sumardvölum, sumarþúðum eða orlofsstöðum þar sem reynt er er að koma til móts við þarfir fatlaðra barna eða fullorðinna sem ekki geta nýtt sér almenn úrræði í sínu orlofi.

Flestir þeir einkaaðilar sem hafa farið út í orlofsrekstur eða ferðaþjónustu af einhverju tagi fyrir fatlaða hafa verið starfsmenn eða fyrrverandi starfsmenn á heimilum fatlaðs fólks í gegnum tíðina. Oftar en ekki hafa þessir starfsmenn farið út í slíka starfsemi á grunni hugsjónar sem mótast hefur samhliða því að hafa kynnst búsetu einstaklinganna og þeirri aðstöðu sem þeir búa við. Ríki og sveitarfélög hafa veitt takmarkaðan stuðning til uppbygg-



Guðmundur Már Björgvinsson

ingar úrræða fyrir fatlaða einstaklinga þegar kemur að orlofsmálum þó svo að margir þeir sem starfa að málefnum fatlaðra séu sammála að þess þurfi og þá sérstaklega þar sem þjónustan þarf að vera sérhæfð og einstaklingsmiðuð.

Hugmyndafræðin bak við starfsemi sumardvalarstaða sem starfræktir eru hér á landi er ólík milli staða. Sem dæmi má nefna dvalarstaði þar sem áhersla er lögð á íþróttaiðkun, þar sem sótt er í afþreyingu í nánasta nágrenni eða dvalarstaði þar sem boðið eru upp á alla afþreyingu á staðnum þann tíma sem orlof stendur. Einnig er þjónustustigið ólíkt m.t.t. starfsfólks, hjálpartækja

og þeirrar afþreyingar sem í boði er. Allir sem sækja slíka staði hafa ólíkar þarfir eins og gefur að skilja og er því gott að fólk hafi val um ólíka þjónustu.

Ekki er ætlunin í þessari grein að rekja aðdraganda að stofnun eða sögu allra þeirrar þjónustu sem hefur verið veitt í gegnum árin og tengist orlofsmálum eða ferðamálum fatlaðra. Þess í stað er rakin tilurð og saga þeirrar þjónustu sem undirritaður hefur séð um rekstur á ásamt Jan Agnari Ingimundarsyni og ber heitið Orlofsstaðurinn G.J. Hafur. Fram til þessa hefur starfsemin verið rekin á nokkrum stöðum um landið.

Undirritaður stundaði nám í tómsundafræði (fritidsledare) og starfaði með fötluðum einstaklingum á ólíkum starfsstöðvum í Svíþjóð í tæp fimm ár áður en hann réð sig til starfa á meðferðarheimilinu Trönuhólum 1 sem tók til starfa í október 1982. Var það fyrsta heimilið sem var sérstaklega ætlað einhverfum einstaklingum til búsetu og þjálfunar. Rekstraraðili var Félagsmálaráðuneytið. Undirbúningur að opnun heimilisins hafði staðið í nokkur ár að frumkvæði

Umsjónarfélags einhverfra barna (í dag Einhverfusamtakanna). Foreldrar í félaginu höfðu lengi barist fyrir því að boðið væri upp á sumarúrræði fyrir einhverf börn sín en lítið var hugað að slíkum úrræðum. Það starf sem fram fór í Trönuhólum var því brautryðjendastarf í málefnum einhverfra á Íslandi og var mikil áskorun bæði fyrir íbúa og allt það góða starfsfólk sem þar starfaði undir stjórn og handleiðslu Sigríðar Lóu Jónsdóttur, sálfræðings.

Tilgangur meðferðarheimilisins í Trönuhólum var að veita íbúum þá þjálfun og stuðning til að þeir gætu flutt á sérhæfð heimili (sambýli) eða í sjálfsstæða búsetu síðar. Sú þjálfun sem fór fram á heimilinu var unnin og ákveðin í samvinnu þeirra er áttu heima í Trönuhólum, forstöðumanns, aðstandenda íbúanna og starfsfólks. Hugmyndafræðin byggðist á þeirri þekkingu sem þá var til staðar um einhverfu í heiminum. Mesta þekkingin á einhverfu hér á landi á þeim tíma var á Barnageðdeild Landspítalans og í sérkennsludeildinni sem starfrækt var í tengslum við hana ásamt Brautarskóla og Safamýrarskóla sem þá voru starfræktir.

Starfsfólk Trönuhóla hafði mismunandi menntun og bakgrunn s.s. þroskajálfar, sérkennarar, kennarar, uppeldisfræðingar, sálfræðingar, tómsundafræðingur og búfræðingur. Sérfræðingar komu reglulega á fundi og voru starfsfólki og íbúum til stuðnings/ráðgjafar. Þetta voru félagsráðgjafar, geðlæknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar er fengnir voru til ráðgjafar eftir þörfum.

Í Trönuhólum var unnið mjög markvisst eftir fyrirfram ákveðnu einstaklingsmiðuðu skipulagi fyrir hvern og einn íbúa heimilisins. Markmið voru sett til þjálfunar á öllu því sem talið var að gæti nýst íbúunum til sjálfstæðrar búsetu í framtíðinni. Notað var kerfi um myndræna framsetningu í samskiptum (Teacch) og atferlismiðaðar aðferðir, allt eftir því sem hentaði hverjum og einum íbúa. Áherslur voru á atriði daglegs lífs á heimilinu s. s. eigin umhirða, þrifnað á vistaverum, matargerð, önnur heimilisstörf, búðarferðir og ýmsar tómsundir. Einnig voru sköpuð og unnin ýmiss vinnutengd verkefni heima fyrir s.s. smíðar, pökkun á dagatali þroskahjálpar, merkimiðum



fyrir Sólarfilmu, þökkun á plasthnífa-
pörum fyrir veitingastaði ásamt ýmsu
fleiru. Frá Trönuhólum var farið með
einstaklinga út á vinnumarkaðinn.
Síðar var Vinnustofa einhverfra
stofnuð af undirrituðum og Jan
Agnari Ingimundarsyni undir stjórn
Sigríðar Lóu Jónsdóttur forstöðu-
manns. Vinnustofan var síðan starf-
rækt undir eigin nafni og kennitölu
þar sem íbúarnir voru meðeigendur
allt fram til ársins 2007. Vinnustofan
var síðustu árin starfrækt í Iðjubergi.
Aðdragandi að starfsemi Iðjubergs
var sérstakur samstarfssamningur
milli atvinnumála einhverfra,
Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra
í Reykjavík og Styrktarfélagins.
Stofnun Iðjubergs kom til vegna
þess hve erfitt var fyrir íbúana að
fá inni á þessum hefðbundnu dag-
vistunum, vernduðum vinnustöðum
fyrir fatlaða sem þá voru starfræktir.
Ástæðan fyrir því var fyrst og fremst
að á þeim stöðum var ekki nægjan-
leg þekking og reynsla til að geta
tekið á móti einhverfum einstak-
lingum með miklar sérþarfir og eftir-
spurn þar af leiðandi mikil.

Fyrir utan Trönuhóla voru ýmiss
vinnuúrræði, fræðsla og tómsundurir
í boði fyrir íbúa t.d. sund, göngu-
ferðir, hjólreiðar, bíltúrar, skólar og

ferðalög (orlofsferðir). Það má segja
að vel hafi verið í lagt er varðaði fjár-
magn til starfseminnar frá Félags-
málaráðuneytinu því hver íbúi fékk
stuðning eins starfsmanns á daginn/
kvöldin og ein næturvakt frá 23-08.
Íbúarnir fengu því fulla stuðnings-
þjónustu í öllum athöfnum dag-
legs lífs hvort sem þeir voru heima
við, í vinnu, tómsundum, orlofi,
ferðalögum innanlands og utan.
Það var metið svo að þetta væri
góð leið til að íbúarnir gætu fengið
að kynnast og að takast á við nýjar
félagslegar áskoranir. Þess má geta
að starfsmenn stóðu sjálfir fyrir því
að íbúarnir fengju bíl til eigin afnota
með því að standa fyrir söfnun og
mikilli vinnu við að fá fyrirgreiðslu
í kerfinu. En með tilkomu bíls
opnuðust fleiri og fjölbreyttari
möguleikar fyrir íbúana til ferðalaga
og tómsundaiðkana.

Á þessum tíma þ.e. á níunda áratug
síðustu aldar mættu einstaklingar á
einhverfurófinu miklum fordómum
og litlum skilningi á sínum þörfum,
enda hjá mörgum þeirra mikil og
erfið hegðunarfrávik, skert sam-
skiptafærni og þráhyggja. Það átti
einnig við er ætlunin var að ferðast
eða sækja um sumarðvalir. Oftar en
ekki stóð þessum einstaklingum það
ekki til boða þar sem þeir þurftu svo

sérhæfða þjónustu á öllum sviðum.
Enginn aðili sem bauð upp á orlofs-
þjónustu hvort sem hún hét sumar-
dvöl, sumarbúðir eða annað, treysti
sér til að taka á móti einstaklingum
á einhverfurófinu án þess að þeir
fengju með sér aðstoðarfólk eða
verulega aukin fjárframlög.

Því var brugðið á það ráð að starfs-
fólk og stjórnendur meðferðar-
heimilisins Trönuhólum 1 tóku
orlofsmál íbúanna í sínar hendur
til að reyna að ná sömu gæðum
sem aðrir í samfélaginu höfðu til
að taka sér frí eða orlof frá dag-
legum störfum. Allan þann tíma sem
heimilið var rekið, allt til ársins 1992
voru skipulagðar ferðir fyrir alla íbúa
einu sinni á ári í Botn í Eyjafirði. Síðan
var farið í nokkrar helgarferðir á ári,
þar sem voru tveir til þrjár starfsmenn
með tvo íbúa. Einnig var farið með
unglingana frá Trönuhólum til gist-
ingar á sveitabæ í þrjá til sjö daga
á ári þar sem þeir tóku virkan þátt í
sveitalífinu. Þá má nefna fleiri ferðir
t.d. í Þórsmörk, Vík í Mýrdal, Laugar-
vatn og Skaftafell.

Árið 1992 varð uppstokkun á
meðferðarheimilinu í Trönuhólum 1
og meðferðarheimilinu að Sæbraut
2 þar sem þeim var breytt í sam-
býli einhverfra, ásamt því að nýtt



sambýli tók til starfa í Hólabergi 76. Það urðu sjálfkrafa miklar breytingar á högum íbúanna við það að búsetuformið breyttist úr því að vera meðferðarheimili í að kallast sambýli. Hið nýja búsetuform var þeim m.a. fjárhagslega erfiðara og það dró úr þjónustu er varðaði stuðning inn á heimilunum svo og á möguleikum til ferðalaga. Rekstur þessara sambýla var á vegum Félagsmálaráðuneytisins til ársins 1997 er þau voru sett undir stjórn SSR fram til ársins 2011 er Reykjavíkurborg tók yfir reksturinn.

Upp úr þessum jarðvegi sprettur síðan sú orlofsþjónusta sem Orlofsstaðurinn G.J. Hafur ehf stendur fyrir í dag. Í fyrstu var náin samvinna við Umsjónarfélag einhverfra (Einhverfusamtökin) um það hvernig aðbúnaður hentaði og hvaða þjónustu ætti að bjóða upp á svo hún mætti nýtast einhverfum einstaklingum sem best. Þess má geta hér að rekstaráðilar hafa haft aðgang að orlofsdvöl á eftirfarandi stöðum: Vík í Mýrdal, Ytri-Lyngum II í Meðallandi, Felli í Kollafirði á Ströndum, Svarfhóli í Hvalfjarðarsveit og Kirkjuhvoli í Þykkvabæ. Í dag bjóðum við því upp á orlofsdvöl sem byggð er á átján ára reynslu. Með öðrum orðum

má segja að starfsemi orlofsstaðarins snúist um að bjóða upp á orlofsdvöl sem á sér langa og farsæla þroskasögu.

Árið 1997, þegar undirritaður ásamt Jan Agnari hófum rekstur orlofsdvalar fyrir fólk með fötlun á einhverfurófi og fyrir fólk með aðrar fatlanir 18 ára og eldri, voru aðeins starfræktar sumarþúðir fyrir fatlaða og var almennt talað um að fara í sumardvöl/sumarþúðir. Í okkar huga var starfsemin í sumardvölunum/þúðum meira sniðin að barna- og unglingastarfsemi. Við tókum upp hugmyndina sem lá að baki orðinu orlofsdvöl, þ.e.a.s. sumarfrí sem sniðin var markvisst að orlofi fullorðins fólks, átján ára og eldri. Sú orlofsstarfsemi sem við veitum er fyrir fatlað fólk sem hefur áhuga á að taka sér orlof/sumarfrí frá námi eða vinnu, sér til hvíldar, gagns og gamans, í öðru umhverfi en heima hjá sér.

Almenn skilgreining á sumarfrí (orlofi) er, sbr. *Wikipediu frjálsa alfræðiritinu...*, *sá tími sem tekið er frí frá vinnu eða námi og sem einstaklingurinn notar til eigin hugðarefna, ferðalaga, hvíldar eða hvernar þeirrar iðju sem viðkomandi kýs...* Það er

grundvallaratriði hjá okkur að starfrækja orlofsdvöl í takti við ofangreinda skilgreiningu, eins og hægt er. Einstaklingsmiðaða orlofsdvöl, sem veitir orlofgestum öryggi, hvíld og tómstundagaman, eins og best verður við komið hverju sinni.

Stefna félagsins í orlofsmálum grundvallast af ofanskráðu og um leið er það markmið okkar að reyna ávallt að gera enn betur. Langtímamarkmiðið er að koma upp aðstöðu sem þjónar hagsmunum orlofgesta sem best og kemst næst hinni almennu skilgreiningu á sumarfrí þannig að sérhver orlofsþegi njóti sín sem best. Orlofgesturinn fær að ráða för án boða og banna innan ramma þess sem telst til eðlilegra samskipta og almennra norma samfélagsins.

Gott og menntað starfsfólk hefur starfað með okkur og verið okkur til ráðgjafar. Í þeim hópi hafa m.a. verið þroskajálfar, kennarar, sérkennarar, stuðningsfulltrúar, viðskiptafræðingur, lögfræðingur, sjúkraliði, ferðamálafræðingur og sálfræðingur. Við höfum talið það mikinn kost og gefandi fyrir okkar gesti að fá tækifæri til að kynnst fólki með svo ólíkan bakgrunn og haft af svo miklu að



miðla. Við sem höfum staðið að starfsemi Orlofsstaðarins G.J. Hafur höfum lengi barist fyrir því að svona sérhæfð starfsemi eins og okkar væri starfrækt undir eftirliti og væri leyfis skyld eins og önnur starfsemi í ferðapjónustu. En eins og flestir sem starfa að málefnum fatlaðra vita, þá hefur svona starfsemi ekki verið leyfis skyld. Þannig að hver og einn sem hefur haft áhuga og getu má reka orlofsstarfsemi án nokkurs eftirlits. Því var ákvörðun tekin strax árið 1997 að tilkynna okkar starfsemi og kynna árlega. Bréf hafa verið send reglulega síðan til Félagsmálaráðuneytisins (Velferðaráðuneytisins), sveitarfélaganna þar sem starfsemin hefur verið starfrækt hverju sinni, svæðisskrifstofanna um allt land er þær voru starfræktar, ýmsum fulltrúum búsetuúrræða auk ýmissa hagsmunasamtaka fatlaðra s.s. Þroskahjálp og Einhverfusamtakanna. Þetta var gert til að öllum aðilum væri ljóst hvað við stæðum fyrir. Öllum þessum aðilum hefur verið boðið í heimsókn til skrafs og ráðgjafar og til að taka okkar starfsemi út.

Á þessum árum hafa aðeins nokkrir aðilar þegið boðið, má þar nefna,

réttindagæslumenn fatlaðra, forstöðumenn búsetuúrræða, framkvæmdastjórar er stýrðu svæðaskrifstofum, ásamt áhugasömu fólki og aðstandendum. Að auki hefur verið staðið fyrir því að eigin frumkvæði að fá heilbrigðiseftirlitið, eldvarnar eftirlitið og aðra aðila frá hverju sveitarfélagi fyrir sig til að taka út aðstöðuna svo að öllum öryggis kröfum, heilbrigðiskröfum er varðar svona rekstur væri fullnægt. Höfum við ávallt fengið leyfi fyrir starfsemi frá þessum aðilum í öll þessi ár. Þá hafa allir ársreikningar legið frammi til skoðunar fyrir alla sem þess hafa óskað.

Eins og áður hefur komið fram þá eru það mikilvæg lífsgæði að geta tekið sér orlof/frí og ferðast sér til tilbreytingar, komið sér frá daglegu amstri. En það kostar oft mikið fé og þá sérstaklega fyrir fatlaða einstaklinga sem margir hverjir hafa ekki efni á neinu nema nauðpurftum. Sú sérhæfða þjónusta sem margir þurfa er að auki dýrari en sú sem ófatlaðir einstaklingar þurfa bæði inni á heimilinu og í orlof eða á ferðalögum. Einstaklingarnir þurfa sömu þjónustu og oft meiri í orlofs-

dvölum á ferðalögum en inni á sínu heimili, þar sem sérhæft, metnaðarfullt og duglegt starfsfólk eins og þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar og fleiri aðilar starfa. Sú þjónusta sem fötluðum er veitt á heimilum sínum er góð á flestum sviðum og hún á líka að vera það er hinir sömu ferðast, taka sér orlof eða frí fjarri heimilum sínum.

Það er því brýnt að við sem störfum í málefnum fatlaðra þrýstum á það að þeir fötluðu einstaklingar sem ekki hafa mikil fjárráð fái þann stuðning sem þarf til að greiða fyrir góða þjónustu ef þeir fara í orlof og taka sér frí. Einnig þarf að leggja áherslu á að auka fjölbreytni í sérhæfðri ferðapjónustu fyrir fatlaða, hvort sem það er í þeirri mynd sem hér hefur verið lýst eða annarri. Þar sem fagfólk eins og þroskaþjálfar og aðrir taki forystu í að móta frampróun á þessu sviði, öllum til hagsbóta. Þá er grundvallaratriði að það gerist í fullu samráði við alla þá sem koma til með að nýta sér slíka þjónustu, hagsmunaðila og fylgt sé í hvívetna lögum og reglugerðum sem settar hafa verið um slíka starfsemi.

KENNSLA OG RANNSÓKNIR Í STARFI ÞROSKAÐJÁLFA

Höfundur: Kristín Lilliendahl. Aðjunkt við þroskaþjálfabraut Háskóla Íslands

Fagstétt þroskaþjálfar fagnar um þessar mundir 50 ára starfsafmæli. Það er sannarlega tilefni til að staldra við og horfa yfir þróun stéttarinnar og eigin starfsferil. Örlög mín sem þroskaþjálfari urðu þau að verja megninu af starfsævinni við kennslu á námsbraut þroskaþjálfar, fyrst við Þroskaþjálfaskóla Íslands, síðan Kennaraháskóla Íslands og nú Háskóla Íslands. Á þessu gerði ég nokkurra ára hlé þegar ég tók að mér fagstjórn sérkennslusviðs á unglingsstigi í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem starf mitt við Háskóla Íslands er þess eðlis að vera ávallt samofið störfum þroskaþjálfar á vettvangi langar mig í eftirfarandi orðum að deila sérstaklega hugleiðingum mínum um eigið starf og stöðu fagstéttarinnar í ljósi þróunar hennar síðustu þrjú áratugi og líta í fáeinum orðum til framtíðar.

TILURÐ OG FYRSTU ÁRIN Í STARFI.

Ég var upphaflega ráðin í hlutastarf við Þroskaþjálfaskóla Íslands árið 1983, ári eftir að ég hafði útskrifast. Skólinn var þá metinn vera ígildi framhaldsskóla en nemendur þurftu að hafa lokið hluta af almennu framhaldsskólanámi til að komast inn og stunduðu síðan þroskaþjálfanám við þrjú ár eins og nú. Árið 1986 var ég svo ráðin í fullt starf við skólann og um leið voru örlög mín ráðin.

Ég varð þess fljótlega áskynja á kennsluferlinum að ég þyrfti að læra kennslufræði. Ég hafði verið ráðin vegna þess að ég var þroskaþjálfari og myndi leysa kennsluna af hendi á þeim forsendum. Fyrstu árin fóru í lestur og sjálfsnám að þessu leyti og sannarlega þurfti ég að horfast í augu við ýmis mistök sem rekja mátti til reynsluleysis í kennslu. En það sem ég lærði af glímunni við vankunnáttu og mistök en jafnframt sigurum var að ég elskaði starfið mitt og fann mig þar heima. Ég ákvað að fara í almennt kennarnám sem ég stundaði meðfram kennslunni. Sá grunnur sem ég fékk í Kennaraháskóla Íslands varð haldreipi mitt sem ég byggði síðar frekari nám á við Háskóla Íslands í menntunarfræðum, náms- og starfsráðgjöf og nám í kennslufræði háskólastigsins. Sérstaklega dýrmætt hefur það þó ávallt reynst að vera sjálf þroskaþjálfari og hafa tilheyrt og fylgt fagstéttinni bæði beint og óbeint í þróun hennar á undanförunum þremur áratugum. Sú reynsla og sú „söguvitund“ sem við það hefur skapast skerpur heildarsýnina á fagið en hvort tveggja, reynsla og þekking á sögu stéttarinnar er að mínu mati mikilvæg undirstaða í kennslu þeirra fræða sem móta nám þroskaþjálfar í dag.



Kristín Lilliendahl

INNTAK STARFSINS

Þegar ég horfi til baka og ber saman viðfangefni starfs míns í upphafi og nú, hefur það auðvitað gjörbreyst. Í dag er starf kennara við þroskaþjálfabraut bæði flókið og margþætt. Þeir fjórir þættir sem einkenna helst störf mín eru kennslustörf og námsefnisþróun, ráðgjöf við nemendur og leiðsögn t.d. vegna lokaverkefna og verkefna vettvangsnáms, umsjón með vettvangsnámi og samstarf við leiðbeinendur á vettvangi og að lokum þróunar- og rannsóknarstörf en skyldur starfsins fela í sér vinnu við rannsóknir á fagsviði til helminga við kennslustörf og þess krafist að niðurstöður þeirra séu birtar í viðurkenndum fagritum

með greinaskrifum og/eða séu kynntar á fagtengdum ráðstefnum héraðs eða erlendis. Við bætast svo hinir ýmsu samráðsfundir á námsbrautinni og innan menntavísindasviðs sem og samstarf við annan starfsvettvang, til að mynda við fagfélag þroskaþjálfara og við þjónustunotendur sem að mínu mati þarf að vera virkur þáttur í mótun og þróun námsins. Það má segja með góðri samvisku að starfið sé krefjandi og enginn tími til að láta sér leiðast. Það er í senn hvetjandi, áhugavert og gefandi og margbreytileiki þess og faglegar kröfur gera það að verkum að starfsþróun og persónuleg starfskenning er í stöðugri endurskoðun og mótun.

Mínar mestu ánægjustundir í starfi eru inni í kennslustofu með nemendum. Samskipti við þá og þær umræður sem jafnan skapast þar um námsefnið og verðandi starf eiga sinn þátt í mótun starfs míns. Ánægjan er ekki minnst að sjá námsefnið öðlast nýja vídd þegar nemendur taka það í eigin hendur og útfæra það á sinn sérstaka hátt í vettvangsnámi. Það sem nemendur leggja til þjónustunnar á vettvangi í vettvangsnámi sínu er dýrmætt og ég fullyrði að með verkefnum sínum og frammistöðu hafa margir þeirra aukið lífsgæði fatlaðs fólks og haft áhrif á þróun starfa leiðbeinenda sinna og vettvangsstaðar.

Ólíkt því sem áður var eru margir nemendur nú að stíga sín fyrstu skref í starfi með fötlöðu fólki þegar þeir hefja vettvangsnám. Þeir sömu tala gjarnan um að þetta séu sérstök umskipti í náminu. Það fái nýja merkingu, viðhorfin og hugmyndafræðin festist í sessi en jafnframt eflist gagnrýnin hugsun og greinandi sýn á fræðin. Að fá að fylgja nemendum eftir í þessu ferli í samstarfi við leiðbeinendur er í mínum huga hápunktur kennslunnar. Það hefur verið sérstakt áhugamál

mitt og Jónu Ingólfssdóttur þroskaþjálfara í tengslum við þróun vettvangsnáms að bjóða upp á sérstakt handleiðslunámskeið fyrir leiðbeinendur. Handleiðsla við nemendur í vettvangsnámi er viðfangsefni sem eðlilegt er að sé innt af hendi af þekkingu. Nú þegar bjóðum við leiðbeinendum upp á örnámskeið í þessum efnum en löngunin er að gefa því aukið vægi. Með því að gera kröfu til leiðbeinenda um tiltekna þekkingu og færni í starfshandleiðslu, er hlutverki þeirra sem og námi nemenda sýnd aukin virðing og trúverðugleiki hvors tveggja verður meiri. Þróun slíks námskeiðs er eitt af viðfangsefnum okkar vettvangsnámskennara um þessar mundir og áhugavert að vinna að því í samráði við leiðbeinendur og ef til vill fagrað fagfélagsins þegar fram í sækir.

Rannsóknarþáttur kennara við þroskaþjálfabraut gegnir afar mikilvægu hlutverki fyrir fagstéttina og málaflokk þess fólks sem starfað er fyrir. Jafnframt er þetta mikilvægur þáttur í þróun kennslunnar sem ætlast er til að sé að miklum hluta byggð á rannsóknum, bæði erlendum og íslenskum. Kennarar á þroskaþjálfabraut hafa beitt sér á ýmsum sviðum í rannsóknum sínum, þó sérstaklega að málaflokki fatlaðs fólks annars vegar og hinsvegar að sjálfri fagstéttinni. Að mínu mati er afar brýnt að efla rannsóknir á störfum og starfsvettvangi fagstéttarinnar. Ekki síst með tilliti til þróunar á inntaki námsins sem að mínu mati þarf að vera í beinu samræmi við þau störf og þann starfsvettvang sem þroskaþjálfar starfa á.

Áhugi minn í rannsóknarhluta starfsins á þroskaþjálfabraut hefur beinst í æ meira mæli að stöðu fagstéttarinnar í samanburði við sambærilega stétt í öðrum löndum. Í yfirstandandi rannsókn okkar

Vilborgar Jóhannsdóttur á störfum og starfsvettvangi þroskaþjálfara í alþjóðlegu ljósi hefur verið stofnað til samstarfs við kennara þroskaþjálfabrauta í háskólum í þremur öðrum löndum og bornar saman námskrár, áherslur og framtíðarsýn um námið. Einnig hefur ljósinu verið varpað á framtíðarsýn stéttarinnar í sömu löndum varðandi hlutverk hennar og stöðu á vettvangi fags og fræða. Í mínum huga er það nauðsynlegt að bæði nemendur og starfandi þroskaþjálfar séu meðvitaðir um bæði fagleg og fræðileg deiglumál kollega sinna á alþjóðavettvangi og séu þátttakendur í þeim samræðum sem þar fara fram. Reyndar er einfaldlega ætlast til þess af hálfu Evrópusambandsins að samræmis sé leitað milli landa um menntun og störf fagstétta að því marki sem mögulegt er og hvatt til þess að nemendur sækji skiptinám milli landa í þessum tilgangi og kennarar eigi samstarf um hlutverk sitt og áherslur. Rannsókn okkar Vilborgar er svar við þessu kalli og markmiðið meðal annars að treysta böndin milli erlendra háskóla og þroskaþjálfabrautar með kennara- og nemendaskiptasamningum sem gerir íslenskum þroskaþjálfanemum kleift að sækja hluta náms síns erlendis en jafnframt að sækja áhrif frá öðrum löndum með því að taka á móti erlendum nemendum í skiptinám á þroskaþjálfabraut. Að mörgu er að hyggja og til þessa verkefnis þarf að vanda og undirbúa vel meðal annars með samstarfi við fagstétt þroskaþjálfara varðandi vettvangsnám skiptinema.

Þessi dæmi um störf kennara á þroskaþjálfabraut sem hér hafa verið nefnd gefa örlitla innsýn í viðfangsefni starfsins. Því má bæta við að í hverjum þeim viðfangsefnum sem ég hef tekist á við í starfi mínu skýrist í mínum huga mikilvægi þess að efla samstarf milli fagfélags þroskaþjálfara og námsbrautarinnar.

FÁEIN ORÐ UM HUGMYNDAFRÆÐILEGAR ÁHERSLUR

Mér hefur alltaf þótt það aðalsmerki þroskaþjálfastéttarinnar að hafa frá upphafi haft skýra sýn á hlutverk sitt. Hún hefur ávallt sameinast um þau gildi sem má sjá endurspeglast í nýlegum siðareglum hennar. Þrátt fyrir sveiflur milli tímabila á liðnum áratugum t.d. í hugtakanotkun innan málaflokksins og í áherslum í skipulagi námsins hafa gildin ávallt verið skýr, þ.e. að hafa mannréttindi, jafnrétti og virðingu að leiðarljósi og eðlileg lífskjör fólks að markmiði. Þekking, tíðarandi og samfélagslegar aðstæður á hverjum tíma hafa svo ráðið því að hvaða marki og á hvern hátt þeim markmiðum hefur miðað.

Þegar ég horfi yfir þann tíma sem liðinn er í starfi hafa starfsaðferðir þroskaþjálfara breyst mikið frá upphafi. Aðferðirnar sem mótuðu starfið á fyrstu árunum voru í takt við þann tíðaranda þegar sérfræðivald fagfólks var ráðandi og byggt var á markmiðum og verkferlum sem það ákvað í krafti þekkingar sinnar. Í dag er ákvörðunarvald hvers þjónustunotanda og markmið hans í öndvegi og leggur grunninn að þeim starfsaðferðum sem þroskaþjálfar beita í stuðningi og þjónustu á vettvangi.

Bæði í náminu og á vettvangi er mikið talað um félagslegan skilning á fötlun. Að mínu mati er mikilvægt að draga úr þeirri einföldun sem gjarnan einkennir umræðuna um hinn félagslega skilning og tek undir með þeim erlendu fræðimönnum á sviði þroskaþjálfunar sem um þessar mundir eru að skrifa um fræðilegar undirstöður faggreinar þroskaþjálfara að hið faglega sjónarhorn geti aldrei orðið eitt, heldur breytilegt eftir aðstæðum. Jafnframt tala þeir um að það sé mikilvægt að fagstéttin móti sinn eigin fræðilega skilning og hugtakaforða og þurfi ekki að reiða sig á

áherslur og fræðilegt efni úr öðrum fræðigreinum til að aðlaga að störfum sínum og hugmyndum (Stevens, 2013). Að mínu mati kalla störf og hlutverk þroskaþjálfara á samtal milli margra fræðagreina og ólíkra sjónarhorna eftir aðstæðum þeirra einstaklinga sem njóta stuðnings og þjónustu fagstéttarinnar hverju sinni. Það er um leið mikilvægt að fagstéttin sjálf hafi sína sérstöku starfstengdu hugmyndafræði sem rúmar ólík sjónarhorn. Þannig tek ég undir orð Hammalainen (2012) þar sem hann segir að sem vísindi sé þroskaþjálfarafræði byggð á opnu flæði milli margra fræðilegra sjónarmiða og að þróun greinarinnar nú, sé háð rannsóknum á sviðinu og mótun sameiginlegs hugtaka- og fræðagrunns. Stevens (2013) bendir í þessu samhengi á að á meðan ekki sé til sameiginlegur skilningur á því hvað þroskaþjálfun er, standi hún utan við aðrar greinar í fræðilegri umræðu.

Að lokum bendir Storø (2011) á að þroskaþjálfarstarfið sé á margan hátt einstakt og grundvallarhugmynd þess aðgreinanleg frá hugmyndum annarra skyldra fagstétta. Það sé því mjög mikilvægt að starfinu sé búin skýr hugtaka- og fræðagrunnur sem frekara nám og starfsþróun getur byggt á (Vilborg Jóhannsdóttir og Kristín Liliendahl, 2014).

Ég kenni þroskaþjálfarafræði á þroskaþjálfabraut. Þar legg ég áherslu á að nemendur séu gagnrýnir á hvers kyns fræðilegar og faglegar áherslur og séu opnir fyrir ólíkum sjónarmiðum um leið og þeir séu meðvitaðir um og trúir þeirri stefnumótun sem birtist í lögum og starfslýsingum sem varða nám þeirra, málaflokk fatlaðs fólks og sjálfa fagstéttina. Um leið er það hlutverk mitt að fylgjast með þeirri umræðu sem fram fer um fagstéttina á erlendum vettvangi og vekja nemendur til umhugsunar um hana.

FRAMTÍÐARSÝN

Þroskaþjálfar starfa nú með börnum og ungmönnum á öllum stigum skólakerfisins sem eiga í ólíkum vanda sem hamlar þeim í námi eða samfélagslegri þátttöku. Einnig starfa þroskaþjálfar með fullorðnu fólki sem glímir við margvíslegan vanda sem hefur áhrif á lífsgæði þess og félagslega stöðu og sama gildir um aldrað fólk sem þroskaþjálfar sinna í auknum mæli. Þá hefur líka verið kallað eftir starfskröftum þroskaþjálfara á sviði símenntunar og stuðnings við aðlögun fólks á vinnumarkaði. Þá er ónefndur hópur langveikra barna og ungmenna sem oft eru jafnframt með alvarlegar þroskaskerðingar eða líkamlegar skerðingar. Þeim hópi nýtist þekking og færni þroskaþjálfara t.d. við að viðhalda færni sinni og taka þátt í lífinu að því marki sem þeim er mögulegt. Þroskaþjálfar styðja jafnframt í auknum mæli við seinfæra foreldra og til viðbótar má svo nefna þá hópa fatlaðs fólks sem hafa aðrar skerðingar en þroskahömlun svo sem heyrnarskerðingar, geðfötlun og sjónskerðingar. Með yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks hafa þroskaþjálfar líka orðið sýnilegri í almennri félagsþjónustu og vinna í auknum mæli þar í þverfaglegum teymum sem krefst þess að þeir taki virkan þátt í fjölpætttri þjónustu við ólíka hópa fólks.

Að mínu mati þarf þroskaþjálfarnámið að laga sig betur að þessum breyttu aðstæðum og að sérstakt lag sé til þess nú þegar fyrir dyrum stendur að lengja námið. Námsinntakið þarf á hverjum tíma að markast af raunveruleikanum sem blasir við í samfélaginu og á starfsvettvangi þroskaþjálfara og vera vegvísirinn í þróun námsins og kennslunnar.

Mínar óskir um framtíð fagstéttarinnar eru í meginatriðum þær að stéttin muni móta betur sína eigin hugmyndafræði sem hún kenni störf

sín við og tel að það geti ráðið miklu um þróun hennar. Jafnframt vona ég að bæði þroskaþjálfar og þroskaþjálfabraut muni auka samstarf sitt við fagstéttina og háskólasamfélagið á alþjóðavettvangi og eignist þannig stærri og sterkari fræðilega og faglega samsvörun. Þá vildi ég sjá stéttina kenna starfsvið sitt við stuðning og ráðgjöf við félagslega aðlögun, þátttöku, sjálfstætt líf og valdeflingu fólks á breiðum vettvangi fremur en kenna það nær eingöngu við þjónustu við einangraðan hóp þjónustunotenda. Þannig myndu fleira þurfandi fólk njóta starfskrafta þeirra og það myndi auka að mínu mati vitund samfélagsins um fagstéttina og gildi hennar, hún yrði sýnilegri auk þess sem það myndi hugsanlega auka áhuga enn stærri hóps fólks á að stunda nám í þroskaþjálfrafræð-

um. Að lokum vildi ég sjá fagstétt þroskaþjálfra vera mun sýnilegri á þverfaglegum og fræðilegum vettvangi til dæmis með þátttöku í rannsóknum og greinaskrifum sem sárlega vantar.

Í hnotskurn sé ég fagstéttina fyrir mér vaxa að fjölbreytni og þekkingu á komandi árum en um leið vera meginstoðin í þjónustu við fatlað fólk. Að þessum orðum sögðum vil ég óska okkur öllum þroskaþjálfum til hamingju með tímamótin á árinu 2015 og þakka öllum starfandi þroskaþjálfum fyrir samfylgdina gegnum árin og hlakka til hennar á komandi misserum. Samstarf við ykkur hefur verið mér ómetanleg hvatning í kennslu við þroskaþjálfabraut.

Heimildir:

Hämäläinen, J. (2012). Social pedagogy in Finland. *Kriminologija i socijalna integracija*.

Kristin Lilliendahl og Vilborg Jóhannsdóttir. (2013). Rýnt í störf þroskaþjálfra í ljósi alþjóðlegra viðmiða. *Þjóðarspejill 2013*. Sótt á: http://skemman.is/en/stream/get/1946/16805/39065/1/Krist%C3%ADnLillVilborgJohanns_MEN.pdf

Stevens, P. (2013). Social Pedagogy: Heart and Head. Í Peter Herman (ritstjóri). *Studies in Comparative Social Pedagogies and International Social Work and Social Policy*. Vol. XXIV. Bremen; Europaischer Hochschulverlag.

Storø, J. (2011). *Practical Social Pedagogy. Theories, values and tools for working with children and young people*. Bristol; Policy Press.

STARFSDAGAR Á HÓTEL ÖRK

DAGANA 24. - 25. JANÚAR 2015

Tekið saman af Áslaugu Rut Kristinsdóttur

Haldnir voru starfsdagar Proskabjálfafélagsins í Hveragerði dagana 24-25. janúar 2015. Yfirskrift starfsdaga var að þessu sinni mótun framtíðarsýnar starfa og starfsvettvangs þroskabjálfa. Efni starfsdagana var um fjóra meginþætti Proskabjálfafélagsins þar að segja félagsmál, fagleg gæði, markaðssetningu og rannsóknir og þróun.

Unnin var hugmyndavinna þar sem úrvinnsla úr gögnum starfsdagana og aðgerðaráætlun var sett af stað í kjölfarið. Það er óhætt að segja að hér var samankomin stór og kraftmikill hópur þroskabjálfa. Flestir komnir austur fyrir fjall til þess að vinna að mikilvægum málefnum fyrir sína stétt. Hér verður farið yfir í grófum dráttum yfir hvernig til tókst á starfsdögum.

FYRSTI DAGUR

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður Proskabjálfafélagsins setti starfsdagana formlega og bauð öllum velkomin og kynnti dagskrá starfsdaga. Starfsdagar eru upphaf afmælisárs Proskabjálfafélagsins og á afmælisdaginn þann 18. maí næstkomandi verður gefin út bókin Proskabjálfar á Íslandi, saga fagstéttar í hálfa öld.



Að auki fengu þátttakendur og allir fagfélagar kaffibolla að gjöf í tilefni að afmæli félagsins. Kaffibollarnir voru komnir á borð þátttakenda á starfsdögum. Þeir fagfélagar sem ekki voru mættir á starfsdaga gátu nálgast bollana í húsi félagsins að Borgartúni 6 í Reykjavík. Í lok ræðu Laufeyjar afhenti hún stofnfélögum þeim Veru Snæhólm og Helga Birnu Gunnarsdóttur rós og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf innan félagsins og bauð þær sérstaklega velkomnar á þessa vinnudaga þroskabjálfa.

Kristján Már Magnússon sálfræðingur sá um að leiða hópavinnuna

á starfsdögum. Í upphafi hélt hann fyrirlestur undir yfirskriftinni „Stefnumótun færir aukinn starfskraft“.

Fyrsta verkefni dagsins í var efni í tengslum við verklagsáætlun. Þátttakendum var skipt í tólf manna hópa þar sem efnisþáttum verklagsáætlunar var skipt niður á hópana. Sú vinna í tengslum við stefnumótun var síðan unnin fram að hádegis. Eftir hádegismat voru hóparnir beðnir um að kynna fyrstu tillögur sínar og boðið var upp á umræður í lokin.

Framhald um stefnumótun var haldið áfram sem var næsti liður í verklagsramma. Eftir kaffihlé kynntu hóparnir sínar tillögur og var gefinn kostur á umræðu í lokin. Í lok dagsins voru kynntar tillögur að aðgerðaráætlun til að klára stefnumótun og láta hana virka. Það sem meðal annars koma fram varðandi stefnur að markmiðssetningu félagsins var að auka símenntun og endurmenntun þroskabjálfa. Einnig kom fram að útbúa mætti kynningarbæklinga og nýta samfélagsmiðla til þess að kynna starf þroskabjálfa. Auk þess að kynna þroskabjálfanámið enn betur. Talað var einnig um þær ógnanir sem gætu verið fyrir félagið. Þar kom fram að þroskabjálfar fari í

Önnur stærri stéttarfélag og þar af leiðandi óöruggt starfsumhverfi.

Eftir mikla vinnu og líflegar umræður dagsins var þátttakendum boðið í móttöku hjá Hveragerðisbæ í Listasafni þeirra þar sem Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri tók á móti hópnum og sagði frá því sem væri efst á baugi hjá þeim í Hveragerði. Vel var veitt af veitingum og gátu menn skoðað fallega listasýningu sem meðal annars prýddu verk ungra Hvergerðinga.



Um kvöldið var boðið upp á dýrindis kvöldverð og tónlistatriði þar sem Herdís Rútsdóttir og Árni Sigfús Birgisson komu og sungu og spiluðu nokkur vel valin lög. Nokkrir galvaskir þroskaþjálfar stigu upp á svið seinna um kvöldið og sögðu brandara sem sást ekki betur en að öllum hafi þótt gaman að.

ANNAR DAGUR

Laufey tók til máls í upphafi dags. Þakkaði öllum fyrir að hafa komið á starfsdaga og sagði frá því að stofnaður yrði vinnuhópur eftir þennan dag. Ráðin verði verkefnastjóri, og mun afrakstur þessara vinnu hér á starfsdögum í tengslum við stefnur og markmið félagsins verða kynnt á aðalfundi þann 26. mars næstkomandi. Haldið verður síðan áfram þeirri vinnu í haust.

Félagið lagði mikinn metnað í þessa starfsdaga, þó sérstaklega í ljósi afmælisársins. Lögð var áhersla á gott umhverfi og nefndi hún jafnframt að mikið væri í húfi í komandi kjarabaráttu enda lausir samningar 1.mars 2015. Í framhaldi af þeirri umræðu boðaði Laufey hádegisfund með forstöðumönnum sem starfa hjá ríkinu.

Kynnt voru verkefni dagsins. Nú var stefnan tekin á vinnu að hugmyndum að megingildum félagsins og aðgerðir til þess að styrkja þroskaþjálfu í starfi. Kristján Már byrjaði daginn á stuttum fyrirlestri um hvað gildi væru og til hvers höfum við gildi? Eftir líflegar umræður í öllum hópnum kynntu hópstjórar niðurstöður úr sínum hópnum.

Kristján Már tók aftur til máls og nú var yfirskrift fyrirlestrar „Styrkari starfsmaður“. Næsta hópavinnu dagsins var um hvernig styrkja má þroskaþjálfu í starfi og hvað þarf til þess?. Eftir hádegismat sögðu hver og einn hópstjóri frá meginatriðum þess sem rætt var í hverjum hópi um hvernig mætti styrkja þroskaþjálfu í starfi. Dæmi um gildi sem hóparnir komu með voru gæði, virðing og fagmennska. Allflestir hóparnir voru með gildið fagmennska enda megum við ekki gleyma því að fagmennska í öllu starfi með fólki skiptir öllu máli. Sumir voru þó ekki sammála og vildu meina að fagmennskuna þyrfti ekki að nefna því hún væri svo sjálfögð í öllu starfi Þroskaþjálfu.

Að loknu kaffihléi stóðu hópstjórar aftur upp hver og einn og sagði frá

niðurstöður um hvert meginefni og umræður sem höfðu skapast í hópnum. Þar kom meðal annars fram starfsvettvangur Þroskaþjálfu er orðinn breiðari og tækifæri aukist á fjölbreytilegum störfum innan samfélagsins.


Guðný Stefánsdóttir og Arne Friðrik ásamt undirrituðum tóku til máls við lok starfsdaga. Þar kom meðal annars fram að þau hlakki til að fá að heyra niðurstöður dregnar saman á næsta aðalfundi, þar sem mikil vinna var unnin hér á starfsdögum og væri synd ef unnið væri ekki meira með úrvinnslu gagna. Guðný talaði um að hún vildi sjá meira af praktísku námi í Þroskaþjálfufræðum og meira samstarf milli starfsvettvangs og skólans. Veltir fyrir sér hvort nýútskrifaðir Þroskaþjálfar sé með nægjanlega góð verkfæri inn á starfsvettvang að loknu námi. Að lokum þökkuðu þau þeim Laufeyju og Önnu Lilju fyrir vel unnin störf fyrir félagið og undirbúningsnefnd fyrir ómælda undirbúningsvinnu að starfdögum hér í Hveragerði. Að lokum þökkuðu þau Kristjáni Má sálfræðingi fyrir að leiða þátttakendur áfram hér í vinnu og með fyrirlesturum sem gáfu enn betra innsæi inn í þau verkefni sem unnin voru.

ÞROSKAÞJÁLFA Í HÁLFA ÖLD

Nú eru liðin 50 ár síðan nokkrar gæslusystur komu saman og af mikilli framsýni stofnuðu félag um fag sitt og starf. Félag þetta var undanfari Þroskaþjálfafélags Íslands. Þí óskar öllum félagsmönnum til hamingju með hálfar aldar afmælið. Að þessu tilefni gaf félagið út bókina "Þroskaþjálfar á Íslandi. Saga stéttar í hálfa öld eftir Þorvald Kristinsson.

Í bókinni er rakin saga stéttarinnar frá því að fyrstu gæslusystur, sem svo voru nefndar, hófu störf á Kópavogshæli og allt til okkar daga, en sem kunnugt er hefur það einkum verið hlutverk stéttarinnar að aðstoða fatlað fólk, ekki síst fólk með þroskahömlun, í leit að mannvirðingu og mannréttindum. Í bókinni er sagt frá störfum stéttarinnar, baráttu hennar fyrir góðri menntun og mannsæmandi kjörum. Þá er faglegri þróun stéttarinnar lýst svo og hugmyndafræðinni að baki störfum þroskaþjálfara, en hún hefur sem kunnug er tekið margvíslegum breytingum í tímans rás. Loks er í bókinni skrá yfir alla þroskaþjálfara sem menntast hafa á Íslandi eða fengið starfsleyfi að lokinni þroskaþjálfamenntun í öðrum löndum.

Bókina er enn hægt að fá á skrifstofu félagsins á 5.000 kr. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Þí eða á netfanginu throska@throska.is





ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | Sími 595 5160 | www.throska.is | throska@throska.is